



LJÓSMYNDASKÓLINN

Skólanámskrá

útg. 2022

EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit.....	2
Inngangur	5
Um skólann	5
Stjórnun	7
Stjórn.....	7
Fagráð	7
Rýninefnd.....	8
Skólastjóri	8
Kennarar og fyrirlesarar.....	8
Starfsfólk skólans.....	9
Inntökuskilyrði	9
Skóladagatal og starfsáætlun.....	9
Nám, kennsluhættir og námsmat.....	10
Markmið náms	10
Fyrirkomulag náms	11
Kennslufyrirkomulag	13
Verkefnavinna og skil.....	14
Einingar og framvinda náms.....	15
Ástundun náms	16
Áfangalýsingar.....	16
Námsmat og einkunnir.....	17
Einkunnir	19
Birting einkunna	20
Námsferilskrá.....	20
Meðferð ágreiningsmála.....	21
Viðtaltímar – námsaðstoð.....	21
Námsaðstoð.....	21
Innra mat skólans	22
Kennslukannanir	22
Skólafundur.....	22
Rýninefnd.....	22
Kennarafundir	22
Aðstaða.....	23
Samstarf.....	23
Námsferðir.....	24

Skólaverkefni	24
Skólagjöld	24
Almennar skólareglur.....	25
Námslýsing	27
Námsbraut í skapandi ljósmyndun 1	27
1. önn 30 Fein.....	30
LJÓS4LH02 Myndavélin - ljósop, hraði og myndsköpun, 2 Fein..	31
LJÓS4SF03 Svarthvít filmuframköllun og stækkun, 3 Fein	32
LJÓS4MF02 Myndatökur, myndbygging og formfræði, 2 Fein	33
SLFM4SM06 Stafræn myndvinnsla, flokkun og umsýsla gagna, 1. hluti, 6 Fein.....	34
STUD4LS06 Að lesa í og skapa ljós, 1. hluti, 6 Fein.....	34
LJSA4LS02 Ljósmyndasaga 1. hluti, 2 Fein	35
HUGM4HV02 Aðferðir við listsköpun - hugmyndavinna, 1. hluti, 2 Fein	36
RÝRÆ4RR02 Að rýna og ræða, 2 Fein	36
SKRI4RI01 Ritgerðir, heimildanotkun og frágangur ritaðra verkefna, 1 Fein	37
VINF4VI04 Vinnustofur, 4 Fein	37
2. önn, 30 Fein.....	39
STUD4AL06 Að lesa í og skapa ljós, 2. hluti, 6 Fein	41
SLFM4SM06 Stafræn ljósmyndun, myndvinnsla og umsýsla gagna, 2. hluti, 6 Fein.....	42
LJÓS4SF02 Svarthvít filmuframköllun og stækkun, 2. hluti, 2 Fein	42
LIST4LS02 Listasaga 1. hluti, 2 Fein.....	43
RÝRÆ4RR02 Að rýna og ræða, 2 Fein	44
HUGM4PV02 Aðferðir við listsköpun 2. hluti, 2 Fein	45
LILI4LL02 Að lifa af í listheiminum, 1. hluti, 2 Fein.....	45
VINF4VI06 Vinnustofur, 6 Fein	46
LOKA4LV02 Lokaverkefni, 2 Fein	46
Námsbraut í skapandi ljósmyndun 2	48
1. önn 30 Fein.....	50
SLMV4SM02 Stafræn ljósmyndun, stafræn myndvinnsla, 3. hluti, 2 Fein	51
LIST04LI02 Listasaga 2. hluti, 2 Fein.....	51
RÝRÆ4RR02 Að rýna og ræða, 2 Fein	52
HUGM4LT07 Aðferðir við listsköpun 3. hluti, 7 Fein.....	53
LILI4LL06 Að lifa af í listheiminum, 2. hluti, 6 Fein.....	54
LJÓB4LB02 Ljósmyndabókin, 2 Fein.....	54
VINF4VI09 Vinnustofur, 9 Fein	55
2. önn 30 Fein.....	57
LJSA4SS02 Ljósmyndasaga, 2. hluti. Stefnur og straumar í	

samtímaljósmyndun, 2 Fein.....	58
HUGM4HP03 Aðferðir við listsköpun - listheimspeki, 3 Fein.....	59
RÝRÆ4RR02 Að rýna og ræða, 2 Fein	59
LILI4LL09 Að lifa af í listheiminum, 3. hluti, 9 Fein.....	60
RÝNI4RG02 Að rýna til gagns, 2 Fein	61
VINF4VI12 Vinnustofur, 12 Fein	62
3. önn 30 Fein.....	63
LILI4LL07 Að lifa af í listheiminum, 4. hluti, 7 Fein	64
RITG4RI06 Lokaritgerð, 6 Fein.....	65
SJST4SV17 Sjálfstæð verkefnavinna, 17 Fein.....	65
Viðauki 2 – Námsframboð á námsbraut 2	68
Viðauki 3 – Hvernig unnið er með Lykilfærni á námsbraut 1 og 2.....	69
Viðauki 4 – Stefnur og viðbragðsáætlanir Ljósmyndaskólans	74

INNGANGUR

Námskrá Ljósmyndaskólans inniheldur upplýsingar um starfsemi skólans, stjórnunarfyrirkomulag, námsbrautir, námsframboð, námsmat og annað er við kemur náminu sem boðið er upp á við skólann. Í námsbrautarlýsingum er lögð áhersla á að gefa ítarlegt yfirlit yfir það nám sem hvor braut býður upp á og greinargóðar lýsingar á einstökum áföngum brautarinnar. Í námslýsingu hvers áfanga kemur fram heiti áfangans, auðkenni hans í námskrárgrunni Menntamálastofnunar, einingafjöldi, lýsing á inntaki og námsmat. Áhersla er lögð á að lýsing á áföngum sé sem ítarlegust og að samræmi sé á milli lýsingar og þeirrar kennslu sem fram fer.

Námskráin er unnin af verkefnastjóra skólaþróunar í samráði við skólastjóra, fagrað skólans og annað starfsfólk og er endurskoðuð reglulega.

Námskráin er aðgengileg á heimasíðu skólans, <http://www.ljosmyndaskolinn.is/>

Um skólann

Markmið Ljósmyndaskólans er að kenna ljósmyndun og aðferðir við að beita ljósmyndataekninni á skapandi hátt og að auka þar með valmöguleika í menntun í ljósmyndun á Íslandi með listsköpun að leiðarljósi. Eins er markmið skólans að auka veg ljósmyndunar með því að stuðla að aukinni þekkingu á ljósmyndun og möguleikum miðilsins í íslensku samfélagi.

Markmið Ljósmyndaskólans er að bjóða nemendum upp á upp á vel skipulagt listnám og góða starfsaðstöðu. Að vanda til vals á kennurum og setja þar í forgrunn að þeir séu allir starfandi í sínu fagi, hafi kennslureynslu, sérþekkingu og metnað til góðra verka og séu nemendum fyrirmynd um fjölbreyttar aðferðir og leiðir við listsköpun.

Saga skólans. Árið 2009 fékk Ljósmyndaskólinn viðurkenningu menntamálaráðuneytisins sem sérskóli á framhaldsskólastigi, skv. lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Ljósmyndaskólinn hefur starfað frá árinu 1997 og frá og með skólaárinu 2007–2008 hefur verið boðið upp á fimm anna nám við skólann og því hægt að ljúka þar 150 Fein einingum í skapandi ljósmyndun.

Námið var endurskipulagt árið 2017 og því skipt upp í tvær námsbrautir í skapandi ljósmyndun; Námsbraut í skapandi ljósmyndun 1 og Námsbraut í skapandi ljósmyndun 2. Er nám beggja námsbrauta skipulagt sem nám á fjórða námsþrepi, viðbótarnám eftir stúdentspróf og hafa brautirnar hlotið staðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Skólinn hefur einnig viðurkenningu Menntamálastofnunar sem einkaskóli á framhaldsskólastigi.

Námið. Það að hafa lokið námi á Námsbraut í skapandi ljósmyndun 1, eða sambærilegu námi, er forsenda þess að geta hafið nám á Námsbraut í skapandi ljósmyndun 2. Að loknu 150 Fein eininga-námi við skólann útskrifast nemendur með diplómagráðu í skapandi ljósmyndun.

Í ljósmyndun samtvinnast tæknilegir og listrænir þættir. Grunnþættir námsins eru því kennsla á þá tækni sem notuð er í ljósmyndun sem og kennsla í aðferðum við listsköpun. Áhersla er á að nemendur þroski með sér leiðir við að beita ljósmyndataekninni á skapandi máta og fá þeir margháttaða þjálfun í að beita henni við eigin listsköpun. Nemendur læra ýmsar aðferðir til að þróa og halda utan um hugmyndir sínar og vinnuferli, fá æfingu í myndlestri, myndgreiningu og innsýn í kenningar og hugmyndafræði skapandi greina auk kennslu í lista- og ljósmyndasögu.

Þessir grundvallarþættir eru allir hafðir að leiðarljósi í skipulagningu á námi beggja námsbrauta en áherslumunur er þó á námsframboði brautanna og markviss stígandi í náminu.

Á Námsbraut í skapandi ljósmyndun 1 er í fyrirrúmi að kenna tæknina að baki ljósmyndun, aðferðir við hana sem og alla almenna myndvinnslu. Áhersla er á að nemendur beiti ljósmyndataekninni og aðferðum við myndvinnslu á skapandi máta og hljóta þeir markvissa þjálfun í að beita tækninni með listrænum hætti. Ennfremur eru nemendum kynntar ýmsar aðferðir til að þróa hugmyndir sínar, að halda utan um þær og að skipuleggja eigið vinnuferli.

Á Námsbraut í skapandi ljósmyndun 2 er megináhersla á að nemendur útvíkki hugmyndir sínar um miðillinn og geri tilraunir með möguleika hans, að þeir kynnist fjölbreyttum möguleikum til listsköpunar, helstu birtingarmyndum samtímamyndlistar, straumum og stefnum. Áhersla er ennfremur lögð á að nemendur þrói og þroski hugmyndir sínar og ætlanir með eigin myndsköpun.

Á námstímanum öllum eru nemendur hvattir til gagnrýnninnar og skapandi hugsunar, lögð er áhersla á að þeir temji sér öguð vinnubrögð og aukið sjálfstæði í verkum eftir því sem líður á námið. Stefnt er að því að nemendur verði í lok náms færir um markvissa og persónulega framsetningu á myndverkum af ólíkum toga.

Stefna Ljósmyndaskólans er að standast fyllilega samanburð við sambærilega skóla erlendis og að vera þar í fremstu röð. Skólinn er í samstarfi við The Glasgow School of Art og Arts University Bournemouth. Geta nemendur Ljósmyndaskólans sótt um að ljúka þar námi til BA-gráðu eða sótt um að vera metnir inn í meistaranám á

grundvelli möppu.

Stjórnun

Ljósmyndaskólinn ehf. er í einkaeigu en skólastjóri/framkvæmdastjóri stendur að daglegum rekstri í umboði stjórnar skólans.

Stjórn

Stjórn Ljósmyndaskólans starfar í samræmi við lög um einkahlutafélög 138/1994. Stjórnin Ljósmyndaskólans er kosin til þriggja ára í senn. Heimilt er að endurkjósa stjórnarmenn, þó aldrei lengur en til sex ára í senn. Stjórnarmenn skulu kjörnir á aðalfundi Ljósmyndaskólans ehf. í maí. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða og stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum Ljósmyndaskólans ehf og skal sjá til þess að skipulag og öll starfsemi skólans sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnin ræður skólastjóra/framkvæmdastjóra. Skólastjóri/framkvæmdastjóri framfylgir ákvörðunum stjórnar, stýrir daglegum rekstri skólans kemur fram út á við fyrir hönd hans.

Stjórn skólans er ábyrg fyrir öllum fjárreiðum Ljósmyndaskólans ehf. og getur veitt prókúruumboð. Undirskrift meirihluta stjórnar skuldbindur Ljósmyndaskólann ehf. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fundi. Halda skal fundargerðabók þar sem skráð eru helstu umræðuefni og allar ákvarðanir stjórnarfunda. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda sem skulu haldnir sex sinnum á ári. Hver stjórnarmaður getur þó krafist stjórnarfundar. Stjórn Ljósmyndaskólans ehf. setur sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa.

Stjórn Ljósmyndaskólans ehf. er skipuð þremur stjórnarmönnum.

Skólastjóri/framkvæmdastjóri situr einnig stjórnarfundi.

Fagráð

Fagráð skólans samanstendur af ljósmyndurum, listamönnum og einstaklingum úr fræðaumhverfi lista sem skipaðir eru til setu í ráðinu til þriggja ára í senn. Fagráðið viðheldur sjálfu sér og tilnefnir einstaklinga til setu í ráðinu. Fagráðsfundir eru haldnir reglulega yfir skólaárið. Fagráðið er ráðgefandi fyrir stjórnendur skólans varðandi faglega þætti námsins. Vinnur ráðið að faglegri stefnumótun, þróun náms og skólastarfs í Ljósmyndaskólanum í samstarfi við skólastjórnendur. Fagráðið tilnefnir meðal annars einstaklinga í rýninefndir skólans fyrir hvert námsár og gerir tillögur varðandi kennara og fulltrúi fagráðs situr skólafundi.

Kjörinn fulltrúi nemenda situr fagráðsfundi. Er hlutverk hans að miðla sýn og reynslu nemenda af verunni í skólanum, námsframboði, einstökum áföngum og skipulagi náms, með það að markmiði að bæta námið frekar.

Skólastjóri og verkefnastjóri kennslu sitja einnig fundi fagráðsins.

Rýninefnd

Rýninefnd skólans er skipuð til eins árs í senn og er samsett úr hópi einstaklinga með fjölbreyttan bakgrunn. Ljósmyndarar eru í meirihluta en þar eru einnig myndlistarfólk, sýningarstjórar eða einstaklingar sem hafa menntun á og/eða starfa á sviði sjónlista. Rýninefndin hefur það hlutverk að gefa ráð og ábendingar um verk nemenda í vinnslu, að meta og dæma verk nemenda við námslok og gefa einkunn fyrir lokaverkefni þeirra. Rýninefndin fundar með skólastjóra að lokinni hverri rýni og fer yfir heildarframmistöðu nemenda. Gefur hún þá einnig ábendingar um hvað mögulega gæti betur farið í skólastarfinu með það að markmiði að nemendur nái enn betri árangri.

Skólastjóri

Skólastjóri er skipaður af stjórn Ljósmyndaskólans og er hann jafnframt framkvæmdastjóri stofnunarinnar. Skal hann hafa háskólamenntun í ljósmyndun. Skólastjóri/framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á öllum daglegum rekstri skólans, framfylgir ákvörðunum stjórnar og kemur fram fyrir hönd skólans út á við. Ræður hann kennara og aðra starfsmenn í samráði við fagráð og stjórn, ber ábyrgð á eignum og húsnæði, vinnur rekstrar- og framkvæmdaáætlanir Ljósmyndaskólans í samráði við stjórn. Skólastjóri/framkvæmdastjóri sér til þess að öllum reglum um skólastarfið sé framfylgt, að öllum leyfum til rekstrar skólans sé viðhaldið og að samstarf við samstarfsaðila sé virkt. Skólastjóri sér til þess að boðað sé til skóla-, kennara- og fagráðsfunda, hlutast til um að framkvæmt sé mat á innra starfi skólans og á gæðum skólastarfs. Hann tekur afstöðu til og úrskurðar um ágreiningsmál sem upp kunna að koma og, ef þörf þykir, vísar hann slíkum málum til úrlausnar hjá utanaðkomandi aðilum.

Kennarar og fyrirlesarar

Við skólann kennir stór hópur helstu ljósmyndara landsins en einnig myndlistarmenn, hönnuðir og fagfólk í ýmsum tengdum greinum.

Þær kröfur eru gerðar til allra kennara og fyrirlesara skólans að þeir séu með nám og/eða mikla starfsreynslu að baki í þeirri grein sem þeir kenna. Allir kennarar

skólans eru starfandi í sínu fagi og hafa getið sér gott orð fyrir störf sín.

Starfsfólk skólans

Allar upplýsingar um kennara og annað starfsfólk skólans, stjórn, fagráð og rýninefnd er að finna á heimasíðu skólans; <http://www.ljosmyndaskolinn.is/>

Inntökuskilyrði

Til að geta sótt um nám á þeim námsbrautum sem Ljósmyndaskólinn býður upp á, þarf umsækjandi að hafa lokið stúdentsprófi og gerð er krafa um grundvallar tölvukunnáttu. Að auki er nám á Námsbraut í skapandi ljósmyndun 1 eða sambærilegt nám, nauðsynlegur undanfari náms á Námsbraut í skapandi ljósmyndun 2.

Hægt er að sækja um undanþágu frá skilyrðum varðandi menntun og er þá sótt um það til skólastjóra sem metur slíka umsókn og tekur afstöðu til hennar. Við þess háttar undanþágu er horft til aldurs, starfsreynslu og þekkingar á ljósmyndun.

Umsóknum um nám á báðum námsbrautum skólans skal fylgja ferilskrá, staðfest prófskírteini og mappa með verkum eða annað sem endurspeglar skapandi áherslur umsækjanda. Á grundvelli umsóknar og möppu/innsendramerka er umsækjandi boðaður í viðtal til skólastjórnenda. Þar er meðal annars leitast við að meta hvernig námið á námsbrautinni muni henta viðkomandi umsækjanda og markmiðum hans. Umsóknin, viðtalið og mappan eða þau verk önnur sem umsækjandi leggur fram, eru lögð til grundvallar mati á því hvort umsækjanda verður veitt skólavist í Ljósmyndaskólanum.

Hafi nemandi þegar lokið námi á Námsbraut í skapandi ljósmyndun 1 og hyggst stunda nám á Námsbraut í skapandi ljósmyndun 2, þarf hann að sækja um það skriflega en ekki er krafist möppu í því tilfalli. Eftirfarandi fylgigögn þurfa þó samt sem áður að fylgja umsókn viðkomandi: A. Eitt til tvö verk eða drög verka (verkefni í vinnslu). B. Stutt greinargerð umsækjanda þar sem leitast er við að útskýra ætlanir og markmið með námi á Námsbraut í skapandi ljósmyndun 2.

Hafi nemandi stundað nám við skólann fyrir skólaárið 2017/2018 en tekið hlé á námi, getur hann búist við að þurfa að endurtaka hluta námsins á Námsbraut 1.

Skóladagatal og starfsáætlun

Hvert námsár spannar tímabilið frá 16. ágúst og til 25. maí. Undanskilið er

hefðbundið jóla- og páskafrí nemenda og lögbundnir frídagar. Skiptist námsárið í tvær jafnlangar annir, um 17 kennsluvikur hvor.

Ár hvert birtir skólinn skóladagatal og er það rammi um skólastarf hvers námsárs. Þar er getið um fasta þætti í starfsemi skólans svo sem eins og skólabyrjun, skólalok, brautskráningar, jólafrí, páskafrí og aðra fasta frídaga. Einnig er þar skráð dagsetning yfirferð rýninfndar á lokaverkefnum, tímabil verkefnavku hvorrar annar, hvenær stundartafla er birt nemendum, dagsetningar kennarafunda hvorrar annar námsársins sem og dagsetningar skólafunda og Litlu jóla skólans.

Þar eru og skráðir ýmsir aðrir viðburðir eins og þátttaka skólans í Opnum dögum sem Samtök sjálfstæðra listaskóla standa fyrir í febrúar, Uppskeruhátíð Ljósmyndaskólans í maí og útskriftarsýning nemenda á lokaönn í byrjun janúar. Þar er einnig annarra þátta er varða skólastarfið getið svo sem þess glugga sem gefin er í stundarskrá haustannar fyrir ferð nemenda á sýninguna Paris Photo í nóvember. Þar taka fulltrúar nemenda lokaannar námsins meðal annars þátt í samsýningu listaskóla í Evrópu.

Skóladagatal hvers árs er birt á [heimasíðu](#) skólans og uppfært reglulega.

Nám, kennsluhættir og námsmat

Markmið náms

Ljósmyndaskólinn hefur að markmiði að kenna skapandi ljósmyndun og að undirbúa nemendur til starfa með ljósmyndina sem listrænan miðil sem og til frekara náms í skapandi greinum. Leitast er við að virkja sköpunargleði og efla sjálfstæði hvers nemanda. Gerð er krafa um virka þátttöku hans í námsferlinu og ástundun og metnað af hans hálfu.

Markmið námsins er að nemendur finni persónulegri listsköpun sinni farveg og verði færir um það að vinna og setja fram myndverk af ólíkum toga með persónulegum hætti. Forsenda þess er að nemendur öðlist þekkingu á ljósmyndataekninni og hljóti þjálfun í að beita henni á skapandi máta. Á Námsbraut í skapandi ljósmyndun 1 er lagður grunnur að tæknilegri þekkingu nemenda með kennslu á þann tækjabúnað og í aðferðum sem beitt er við ljósmyndun ásamt kennslu í myndvinnslu. Nemendur fá mikla þjálfun í að beita tækni og tækjum með skapandi hætti. Á Námsbraut í skapandi ljósmyndun 2 er áherslan fyrst og fremst á tilraunir með miðilinn og sjálfstæða vinnu nemenda, undir handleiðslu. Nemendur eru hvattir til að þroska með sér persónulega nálgun á notkun ljósmyndamiðilsins og að skilgreina eigin ætlanir og markmið. Eftir því sem líður á námstíma námsbrautarinnar er skapað rými til aukins sjálfstæðis í allri vinnu og úrvinnslu verkefna.

Á öllum stigum náms vinna nemendur verkefni sín undir handleiðslu kennara.

Nemendur útskrifast með diplómu í skapandi ljósmyndun við lok náms á Námsbraut í skapandi ljósmyndun 2.

Þá er gert ráð fyrir að nemendur:

- hafi náð góðum tókum á ferlinu, frá hugmynd að fullbúnu verki og séu færir um að leggja fram eigin myndverk
- þekki til helstu stefna og tjáningarleiða innan ljósmyndunar
- hafi öðlast þekkingu á leiðum og færni í að beita ljósmyndamiðlinum við skapandi ljósmyndun með ýmsum hætti
- hafi tileinkað sér öguð, fagleg og sjálfstæð vinnubrögð og skipulagt vinnuferli
- hafi þroskað með sér aðferðir við hugmyndavinnu og persónulega nálgun á viðfangsefni
- hafi tekist á við það að skilgreina ætlanir sínar og markmið með notkun ljósmyndamiðilsins
- séu í stakk búnir til að kynna hugmyndir sínar og verk og geti skýrt hugmyndalegt inntak og listsögulegar eða hugmyndafræðilegar tilvísanir
- hafi skilning á helstu kenningum og hugtökum er varða samtímalist
- hafi hlotið þjálfun í greiningu myndverka jafnt og texta
- hafi yfirsýn yfir menningarlegt, sögulegt og pólitískt hlutverk ljósmyndamiðilsins og geti tjáð sig um efnið af þekkingu og á gagnrýninn hátt
- þekki vel til íslenskrar og alþjóðlegrar ljósmyndunar og þekki sögulegt samhengi ljósmyndunar og tengsl við almenna samfélags- og tækniþróun
- skilji og geti skýrt áhrif og siðferðilega ábyrgð ljósmyndasköpunar í fjölmiðlun nútímasamfélagsins og hvernig henni er beitt
- hafi hlotið þjálfun í hagnýtum þáttum þess að starfa sjálfstætt í skapandi greinum.

Fyrirkomulag náms

Námsbraut í skapandi ljósmyndun 1 er tveggja anna nám og Námsbraut í skapandi ljósmyndun 2 er þriggja anna nám. Það að hafa lokið námi á Námsbraut í skapandi ljósmyndun 1 með fullnægjandi hætti, eða öðru sambærilegu námi, er forsenda þess að geta hafið nám á Námsbraut í skapandi ljósmyndun 2.

Hvert námsár spannar tímabilið frá 16. ágúst og til 25. maí og undanskilið er hefðbundið jóla- og páskafrí nemenda og lögbundnir frídagar. Skiptist námsárið í tvær jafnlangar annir, um 17 vikur hvor.

Námið á hvorri námsbraut skiptist í afmarkaða námsþætti eða áfanga. Áfangarnir eru mislangir og þar eru ólíkar áherslur en samfella er í náminu og á hverri önn er byggt ofan á grunn sem þegar hefur verið lagður.

Tungumál skólans er íslenska og að jafnaði er kennt á íslensku nema annað sé tekið fram. Einstaka áfangar eða hluti áfanga eru kenndir af kennurum sem ekki hafa íslensku að móðurmáli og er þá kennt á ensku.

Námsbrautir

Í skólanum er boðið upp á nám í skapandi ljósmyndun á tveimur námsbrautum og er sú seinni hugsuð sem framhald af þeirri fyrri.

Allan námstímann eru nemendur markvisst þjálfaðir í vinnulagi sem nýtist þeim til frekari vinnu og þekkingaröflunar sem og aðferðum við listsköpun. Á báðum námsbrautum eru kenndar kjarnagreinar, s.s. lista- og ljósmyndasaga, aðferðir við hugmyndavinnu og sköpun og nemendur hljóta þjálfun í því að greina og að fjalla um verk og hugmyndir. Áhersla er á að þeir leysi ólík verkefni, geti kynnt þau og sett í samhengi við kenningar, hugmyndir eða aðferðir og þroski á námstímanum með sér gagnrýna hugsun á eigin verk og annarra.

Á Námsbraut í skapandi ljósmyndun 1, er megin áherslan á að kenna á þau tæki og þá tækni sem notuð er við ljósmyndun og nemendur læra helstu þætti í stafrænni myndvinnslu, flokkun og umsýslu stafrænna gagna. Einnig er kennd filmuframköllun og myrakraherbergisvinna. Að auki læra nemendur myndbyggingu, formfræði, listasögu, ljósmyndasögu, myndlæsi, hugmyndavinnu og áhersla er á að þeir tileinki sér aðferðir við sköpun. Nemendur fá mikla æfingu í verklagi og vinnubrögðum sem tilheyra ljósmyndun og þurfa að standa skil á fjölda verkefna og verklegra æfinga þar sem markmiðið er að beita ljósmyndamiðlinum á skapandi máta. Í lok námsbrautarinnar vinna nemendur lokaverkefni sem samþættir alla helstu þætti námsins þessar tvær annir.

Á Námsbraut í skapandi ljósmyndun 2, er aukin áhersla á sjálfstæða vinnu nemenda en undir handleiðslu kennara. Gefst nemendum möguleiki á að þróa og útfæra eigin hugmyndir og verkefni. Þeir fá æfingu í að skilgreina áherslur sínar í ljósmyndun, hljóta þjálfun í því að útskýra ætlanir og markmið og setja í hugmyndafræðilegt samhengi. Áhersla er einnig á að kynna nemendum ýmis hagnýt atriði er varða það að starfa í listheiminum, s.s. eins og að undirbúa sýningar, standa að kynningu á verkum sínum, að sækja um sýningarrými, styrki til verkefna og samkeppnir. Einnig læra nemendur grundvallaratriði í bókhalds- og markaðsfræði og fæa kennslu í kjarnafögum eins og aðferðum við hugmyndavinnu, lista- og ljósmyndasögu. Nemendur fá einnig mikla þjálfun í að greina og fjalla um

myndverk, texta og hugmyndir. Í lok námsins, á þriðju önn námsbrautarinnar, vinna nemendur viðamikið lokaverkefni og skrifa fræðilega lokaritgerð. Nánar er fjallað um námsframboð námsbrauta, markmið og áherslur í þeim hluta námskrár er fjallar um námslýsingu.

Kennslufyrirkomulag

Kennsla fer fram í mislöngum áföngum og skiptist í bóklega og verklega kennslu.

Bókleg kennsla fer fram í fyrirlestrastofu eða á bókasafni. Bóklegir áfangar eru í formi fyrirlestra en tengdir verklegu námi og oftast fléttað inn í slíka áfanga verklegum æfingum eða verkefnum í bland við fyrirlestra.

Verkleg kennsla fer fram í myndverum (stúdíóum), framköllunar- og myrkraherbergi og tölvustofu. Sú kennsla fer oft fram í hóptímum og getur verið í formi sýnikennslu, fyrirlestra, sameiginlegar yfirferðar á verkefnum eða einstaklingskennslu. Að jafnaði er fjöldi nemenda í hverjum hópi í verklegum þáttum náms á bilinu 4–8.

Kennsluhættir

Kennsluhættir eru fjölbreyttir; fyrirlestrar, sýnikennsla, sameiginlegar yfirferðir, hóp- eða einkatímar og vinnustofur undir handleiðslu listamanna. Einnig er farið í vettvangsferðir. Handleiðsla eða verkleg kennsla og þjálfun fer ýmist fram í hóptímum af ýmsum stærðum eða einkatímum. Ætíð er lögð rík áhersla á samtal, samvinnu, lausnaleit en einnig á frjóa vinnu nemandans og á virka þátttöku hans í námsferlinu.

Kennsla fer að mestu fram í staðnámi en einnig er notast við fjarfundatækni þar sem því verður við komið.

Fyrirlestrar: Kennari fjallar um viðfangsefni kennslustundar og styður mál sitt t.d. með glærum og mynddæmum úr bókum, kvikmyndum og af vefsíðum. Krafist er virkrar þátttöku nemenda og að þeir geti tjáð sig og notað orðaforða og hugtök sem tengjast umfjöllunarefni hverju sinni.

Sýnikennsla: Kennari sýnir nemendum hvernig unnt er að leysa tiltekið verkefni, hvaða aðferðum er mögulegt að beita, hvaða verkfæri og áhöld skal nota og hvernig skal umgangast þau. Mikilvægt er að nemendur tileinki sér þekkingu á mismunandi aðferðum við einstaka þætti ljósmyndunar. Að þeir læri notkun ólíkra tækja og búnaðar og rétta umgengni við búnað, tæki og aðstöðu.

Sameiginlegar yfirferðir: Kennari og nemendur fara sameiginlega yfir útkomu verkefnis, oft í litlum hópum. Í yfirferðinni er leitast við að meta á uppbyggilegan

hátt veikleika og styrkleika hvefrrar úrlausnar. Aðferðin felur í sér sjálfsskoðun, jafningjamat og mat kennara. Brýnt er fyrir nemendum að hlusta vel eftir ólíkum hugmyndum og skoðunum og að taka þátt í umræðum með opnum huga og af sanngirni, virðingu og heiðarleika.

Einstaklingskennsla: Nemandinn nýtur einstaklingsbundinnar kennslu og leiðbeiningar sem getur verið blanda af sýnikennslu, yfirferð eða tilsögn. Aðferðin er ekki síst notuð til þess að þjálfra leikni í tilteknum aðferðum eða meðferð tækja.

Einkatímar: Nemandinn nýtur einstaklingsbundinnar tilsagnar, yfirferðar eða aðstoðar við afmörkuð verkefni. Á þetta einkum við í seinni hluta námsins og tengist aukinni sérhæfingu í verkefnum og sjálfstæðri vinnu nemandans eftir því sem líður á námið. Þó er á öllum stigum námsins á báðum námsbrautum, boðið upp á einkatíma. Einnig geta nemendur óskað eftir einkatíma í afmörkuðum námsþáttum eins og myrakraherbergisvinnu, stafrænni myndvinnslu eða prentun.

Hóptímar: Kennt er í hópum af ýmsum stærðum við sýnikennslu og þjálfun aðferða t.d. við notkun tækjabúnaðar í myndveri eða myrakraherbergi. Eins þegar markmiðið er að æfa nemendur í að ræða um verk sín og hugmyndir eða þjálfra þá í að beita gagnrýni og taka henni á uppbyggilegan máta.

Vinnustofur: Á báðum námsbrautum taka nemendur þátt í vinnustofum. Þær eru starfsvettvangur nemenda og gestakennara þar sem tekin eru fyrir margskonar verkefni sem tengjast listsköpun; hugmyndavinna, rannsóknir, aðferðir, mismunandi tækni og sjálfstæð vinna. Í vinnustofunum eru ólíkar áherslur og lengd þeirra og uppbygging mismunandi eftir námsbrautum og önnum.

Verkefnavinna og skil

Verkefnavinna er mjög stór hluti af námi beggja námsbrauta og hverjum áfanga lýkur að jafnaði með verkefni eða verkefnum. Eins lýkur hvorri námsbraut með umfangsmiklu einstaklingsverkefni eða verkefnum.

Í verkefnavinnu er lögð mikil áhersla á að nemendur kynni lausnir sínar og setji í samhengi við kenningar, hugmyndir og/eða aðferðir. Lausnir nemenda eru lagðar til grundvallar mati á því hvort þeir hafi náð settum markmiðum fyrir hvern áfanga og þar með námsmatinu við lok hans. Ástundun og virkni nemenda í tímum er að jafnaði einnig þáttur í námsmati hvers áfanga. Fyrirkomulag námsmats hvers áfanga og þar með talið hlutfall ástundunar af einkunn í hverju tilviki, kemur fram í kennsluáætlun sem aðgengileg er nemendum í upphafi áfangans.

Ljósmyndaskólinn leggur mikla áherslu á vönduð vinnubrögð og frágang allra verkefna; myndverka sem og skriflegra verkefna. Öllum verkefnum á að skila á tilsettum tíma og ritgerðir og greinagerðir verða að vera vandlega prófarkalesnar,

villulausar og rétt upp settar.

Í upphafi áfanga gefur kennari fyrirmæli um skilafrest og tiltekinn frágang verkefna sem nemendum ber að fylgja. Almenn er frestur til þess að skila verkefni ekki framlengdur hjá nemanda eða hópi nemenda en kennari hefur þó heimild til að víkja frá áður gefnum fresti. Getur hann þá ákveðið að slík frávik kosti afföll af einkunn. Skyldumæting er í skilatíma verkefna og próf og nemendur verða að mæta á réttum tíma. Sé nemandi veikur í skilatíma eða prófi verður hann að tilkynna forföll til skrifstofu skólans fyrir upphaf tímans og skila þangað læknisvottorði eigi síðar en viku eftir skiladag/prófdag. Vottorð skal vera dagsett og undirritað af lækni og verður dagsetning vottorðs og skiladags verkefnisins/prófdags að vera sú sama. Vottorð sem ekki eru rétt dagsett eru ekki tekin gild.

Svindli nemandi á prófi eða geri sig sekan um mynd- eða ritstuld í verkefnum er honum vísað umsvifalaust úr skóla.

Einingar og framvinda náms

Í Ljósmyndaskólanum er notað Fein-einingakerfið. Við útreikning á einingafjölda hvers áfanga er lagt til grundvallar að þriggja daga vinnuframlag nemanda (um 24 stundir) samsvari einni einingu. Til viðbótar fyrirlestrum eða verklegum tímum, er reiknað með eigin vinnu nemenda undir handleiðslu kennara. Einnig er reiknað með ákveðnum tímafjölda að baki hverri einingu sem nemandi þarf að verja í sjálfstæða vinnu; heimildaöflun, skrif eða aðra verkefnavinnu. Sá stundafjöldi miðast við mögulegan lágmarks tímafjölda slíkrar vinnu.

Álag varðandi tímasókn og verkefnaskil kann að verða mismunandi eftir kennsluvikum og nemendur hvattir til að skipuleggja sig og að nýta tímann vel.

Að flytjast á milli anna.

Meginreglan er að nemandi skuli að jafnaði hafa lokið 30 einingum til að flytjast á milli anna hveurrar námsbrautar. Veikindi eða viðurkennd forföll geta þó veitt undanþágu frá þeirri reglu. Þarf nemandi þó ætíð að ljúka að minnsta kosti 75% af námi hveurrar annar til að eiga möguleika á að halda áfram námi á næstu önn á slíkri undanþágu. Skólinn leitast ætíð við að aðstoða hvern nemanda eftir ýmsum leiðum við að vinna upp þær einingar sem vantar upp á fullt nám annar.

Falli nemandi í áfanga þarf hann að endurtaka áfangann, eins fljótt og mögulegt er.

Upptökuverkefni.

Til að flytjast á milli anna þarf nemandi að hafa lokið tilskildum lágmarksárangri á næstu önn á undan. Vanti nemanda einingar til þess að geta lokið tiltekinni önn

námsbrautar getur hann sótt um upptökuverkefni. Skal nemandi sækja um slíkt til skólastjóra. Ekki er hægt að vinna upp fleiri einingar en 5 með slíkum upptökuverkefnum en verkefnin taka mið af því í hvaða námsþáttum vantar upp á einingafjölda hjá nemanda. Skólastjóri og kennari viðkomandi áfanga ákvarða umfang þess verkefnis sem nemandinn þarf að leysa til að sýna fram á að hann hafi náð námsmarkmiðum áfangans. Fyrir öll slík upptökuverkefni greiða nemendur sérstaklega og eins þurfi kennari að gera sérstakt verkefni eða að bæta nemanda upp kennslu með einhverjum hætti.

Hlé á námi.

Nemandi getur frestað því að ljúka námi á tiltekinni önn í eitt ár, þurfi hann frá að hverfa af einhverjum sökum og er honum heimilt að taka upp þráðinn í námi sínu að ári liðnu. Þarf hann þá að staðfesta ætlun sína um endurkomu við skólann áður en inntökuferli fyrir næsta skólaár lýkur. Gildir þetta ekki fyrir þá nemendur sem hófu nám við skólann fyrir skólaárið 2017/2018.

Sú námskrá sem er í gildi þegar nemandi hefur nám við skólann gildir út námstíma hans, þrátt fyrir að breytingar verði á námskrá á námstímanum. Sé vikið frá þeirri reglu skal það vera í fullu samráði við nemendur og yfirvöld menntamála.

Ástundun náms

Ljósmyndaskólinn gerir kröfu um fulla mætingu í alla tíma og fullnægjandi skil allra verkefna. Ástundun er alfarið á ábyrgð hvers nemanda. Ástundun er að jafnaði hluti af lokaeinkunn áfanga og er greint frá fyrirkomulagi námsmats og vægi einstakra þátta við upphaf áfangans.

Til að útskrifast með diplómu frá Ljósmyndaskólanum skal nemandi hafa lokið að fullu 150 Fein-eininga námi á Námsbrautum í skapandi ljósmyndun 1 og 2.

Áfangalýsingar

Í skólanámskrá Ljósmyndaskólans er að finna áfangalýsingar beggja námsbrauta en þar koma fram markmið hvers áfanga og hæfniviðmið. Þar er gefið upp skyldulesefni hvers áfanga sé þess krafist en einnig er gefið upp ráðlagt lesefni. Kennarar leggja að auki fram margvíslegt lesefni og námsgögn sem þeir hafa útbúið eða tekið saman. Nemendur eru ætíð hvattir til að leita fanga út fyrir uppgefið lesefni og fá ábendingar þar um.

Stærstur hluti námsefnis er á ensku.

Skólanámskrá er aðgengileg nemendum á vef skólans, á innra neti skólans og í kennsluumsjónakerfi skólans.

Námsmat og einkunnir

Áfangar náms beggja námsbrauta eru mismunandi að stærð, innihaldi og uppbyggingu. Námsmat tekur mið af eðli áfangans sem og námsmarkmiðum. Námsmarkmiðin eru sett fram í áfangalýsingu sem er aðgengileg fyrir nemendur í skólanámsrá og í kennsluumsjónakerfum skólans. Kennari leggur einnig fram kennsluáætlun þar sem kennslutilhögun í áfanganum lýst, með hvaða hætti námsmarkmiðum verði náð og hvernig námsmat verði framkvæmt. Þar er getið skiladaga verkefna, skyldulesefnis, ráðlagðs lesefnis og annarra mikilvægra atriða. Sú kennsluáætlun er einnig birt í kennsluumsjónakerfi skólans. Verði, einhverra hluta vegna, breyting á kennsluáætlun eftir að kennsla í áfanganum hefst, ber kennara að upplýsa nemendur um þá breytingu með skýrum hætti.

Lokanámsmat verklegra sem og bóklegra áfanga byggir að jafnaði á heildarframmistöðu nemenda. Auk tiltekinna úrlausna nemandans tekur það því einnig til atriða eins og hugmyndavinnu, vinnulags, hæfni til að tjá sig og að fjalla um verkefni sitt, skriflega, munnlega eða með öðrum hætti. Verkefnin sem liggja til grundvallar námsmati eru fjölbreytt eftir eðli hvers áfanga. Geta þau t.d. verið próf, vinnubækur, dagbækur, skriflegar og munnlegar greinargerðir, ritgerðir og hljóð- eða myndverk af ýmsum toga.

Í flestum áföngum á sér stað símat á vinnu nemenda og í lok áfanga er að jafnaði gefin einkunn en einnig gefur kennari uppbyggilega og leiðbeinandi umsögn, munnlega eða skriflega, um það hvernig viðkomandi nemandi getur, að hans mati, bætt sig.

Stefnt er að því að nemendur fái lokaniðurstöðu námsmats úr hverjum áfanga u.þ.b. tveimur vikum eftir að áfanga lýkur. Nemandi á rétt á að fá útskýringar kennara á mati verkefnis óski hann þess.

Í verklegum áföngum er oft farið yfir lokaverkefni nemenda í áfanganum í sameiginlegri yfirferð. Þar ræða nemendur og kennarar styrkleika og veikleika verkefna. Við áfangalok leggur kennari svo heildarmat á frammistöðu hvers nemanda.

Námsmat í verklegum áföngum tekur í senn til hugmyndavinnu, verkferlis og hæfni og getu til að tjá sig um viðfangsefni áfangans. Getur námsmatið byggt á skriflegum eða munnlegum verkefnum, vinnubókum, reglubundnum skilaverkefnum, myndverkum eða annars konar verkefnum sem byggja á eðli áfangans.

Í bóklegum áföngum vinna nemendur fjölbreytt verkefni sem flest eru lögð til grundvallar námsmati. Geta það verið dagbækur, próf, myndrænar, munnlegar og/eða skriflegar greinargerðir og myndverk.

Námsmat við lok Námsbrautar í skapandi ljósmyndun 1:

- Á báðum önnum þurfa nemendur að sýna að þeir hafi náð tókum á viðfangsefni hvers áfanga fyrir sig áður en næsti áfangi er tekinn. Námsmat er framkvæmt við verkefnaskil nemenda og í lok áfanga. Nái nemandi ekki fullnægjandi árangri fær hann tækifæri til að endurgera verkefni og er þá boðið upp á viðbótarleiðsögn í tilkekknum námsþætti eftir föngum.
- Seinni önn námsbrautarinnar lýkur með lokaverkefni sem samþættir alla helstu þætti námsins á námsbrautinni. Nemendur fara í gegnum ferlið frá hugmynd til verks og sýna afraksturinn á *Uppskeruhátíð* skólans að vori. Fer sú vinna fram í nánú samstarfi við kennara skólans. Við lok annarinnar fá nemendur skriflega umsögn frá umsjónarkennara áfangans og kemur þar fram mat á færni og vinnulagi nemanda, frumleiki, listfengi og ástundun.

Námsmat við lok anna á Námsbraut í skapandi ljósmyndun 2:

- Í lok annarrar annar þarf nemandinn að leggja fram hugmyndir að lokaverkefni sínu á 3. önn og fá það samþykkt. Hann þarf einnig að skila stuttri greinargerð, 1–2 bls., um fyrirhugað efni lokaritgerðar.
- Á þriðju önn leggja nemendur verk sín fyrir rýninefnd skólans. Nefndin hefur það hlutverk að skoða og að gefa ráð og ábendingar um verk í vinnslu. Hún metur einnig lokaverkefni nemenda í annarlok og gefur fyrir þau einkunn og umsögn.
- Þriðju önn lýkur með því að hver nemandi stendur skil á verki eða verkum sem er framlag hans til samsýningar útskriftarnema. Einkunn fyrir þetta lokaverkefni er reiknað hlutfall af einkunn umsjónarkennara áfangans, leiðbeinanda með verkinu og rýninefndar skólans. Einkunn fylgir einnig skrifleg umsögn umsjónarkennara áfangans og annarra þeirra er stýra einstökum verkþáttum. Þar kemur fram mat á færni og vinnulagi nemanda í fyrirfram tilteknum verkþáttum. Einnig skilar hver nemandi ritgerð og fær fyrir hana einkunn og umsögn og stendur skil á kynningarefni fyrir eigin verk sem og samsýningu nemenda.

Til grundvallar mati rýninefndar eru eftirfarandi þættir til viðmiðunar:

- Frumleiki
- Listfengi
- Úrvinnsla á hugmynd
- Framsetning
- Tæknileg úrlausn verkefnis.

Til grundvallar skriflegu mati umsjónarkennara lokaverkefna við annarlok beggja námsbrauta eru lagðir eftirfarandi þættir:

- 1 Þekking á námsefninu
- 2 Úrvinnsla og hagnýting þekkingarinnar
- 3 Vinnuhraði og fagmennska
- 4 Ástundun
- 5 Frumleiki
- 6 Listfengi
- 7 Vinnubækur
- 8 Þátttaka í tímum

Einkunnir

Fyrir lokaskil í áföngum og lokaverkefni anna eru gefnar einkunnir. Þær eru gefnar í heilum og hálfum tölustöfum á skalanum 1–10. Við lok flestra áfanga fá nemendur jafnframt leiðbeinandi umsögn þar sem fram kemur hvar styrkur hvers og eins liggur og hvernig viðkomandi getur bætt sig að mati kennara. Í einstaka stuttum áföngum er þó einungis gefin tala. Til að standast áfanga má einkunn ekki vera lægri en 5 sem þýðir að nemandi hafi náð að minnsta kosti 45% af námsmarkmiðum áfangans.

Forsendur einkunnagjafar eru:

Einkunn	Viðmiðun	Vísar til þess að:	
10.0-9.5		100-93 %	markmiða náð Framúrskarandi

				þekking
9.0-8.5		92-83%	markmiða náð	Mjög mikil þekking
8.0-7.5		82-73%	markmiða náð	Mikil þekking
7.0 - 6.5		72-63%	markmiða náð	Allmikil þekking
6.0 - 5.0		62-48%	markmiða náð	Viðunandi þekking
4.5 - 0.0	Ólokið	47-0%	markmiða náð	Ófullnægjandi

Birting einkunna

Einkunnir í áföngum námsins eða einstökum hlutum námsins eru birtar á kennsluumsjónavef skólans um leið og þær berast frá kennara. Þar birtist þá líka umsögn kennara um vinnu nemanda í þeim áföngum þar sem gefin er skrifleg umsögn. Fær nemandi tilkynningu frá kennsluumsjónakerfinu um að ný einkunn hafi borist í áfanga eða hluta áfanga.

Í lok hverrar annar færi nemandi rafrænt skjal frá skrifstofu skólans með samantekt á námsárangri annarinnar. Við lok Námsbrautar í skapandi ljósmyndun 1 fá nemendur afhent útskriftarskírteini og í því er yfirlit yfir námsárangur námsbrautarinnar.

Í lok Námsbrautar í skapandi ljósmyndun 2 fá nemendur útskriftarskírteini með yfirliti yfir námsárangur námsbrautarinnar, umsögn umsjónarkennara með lokaverkefni sem og umsögn rýnnefndar skólans en hún leggur mat á lokaverkefni uppsett á sýningarstað.

Einnig fá nemendur, við útskrift, afhent Diplóma skírteini til staðfestingar á því að þeir hafi lokið því námi skapandi ljósmyndun sem Ljósmyndaskólinn býður upp á á staðfestum námsbrautum skólans.

Á einkunnaskírteinum kemur fram hæfniprep náms og einingafjöldi þeirrar námsbrautar sem um ræðir.

Námsferilskrá

Námsferill nemenda er skráður í tölvukerfi skólans og afrit gagna vistuð í afriti í skýjahýsingu. Geta nemendur fengið yfirlit um stöðu sína í námi við skólann og eins vottorð og staðfestingu á því námi sem þeir hafa stundað þar hvenær sem er á opnunartíma skrifstofu skólans.

Meðferð ágreiningsmála

Telji nemandi brotið á rétti sínum varðandi kennslu, námsmat eða annað sem lýtur að námsframvindu hans, skal hann beina skriflegu erindi til skólastjóra. Þar skal tilgreint hvert álitaefnið er, krafa nemanda um úrbætur og rökstuðningur fyrir erindinu. Í samráði við fagrað er metið hvort leita þurfi til utanankomandi hlutlauss matsaðila. Sé það gert gildir úrskurður hans í þessu tiltekna máli.

Skal skólastjóri tilkynna nemanda um úrlausn erindisins innan tveggja vikna frá móttöku þess eða gera honum viðvart ef erindið er þess eðlis að úrlausn þess taki lengri tíma.

Viðtalstímar – námsaðstoð

Á skólatíma, frá kl. 9.00–16.00, er starfsfólk skólans að jafnaði til staðar og aðstoðar nemendur. Sérstakir viðtalstímar kennara eru auglýstir á stundartöflu og tilkynnir með pósti og á að sama við um viðveru kennara og leiðbeinenda á verkstæðum skólans svo sem í tölvuveri, myrakraherbergi, myndveri og á bókasafni.

Námsaðstoð

Hægt er að fá einakatíma í afmörkuðum námsþáttum eins og myrakraherbergisvinnu, myndvinnslu í tölvum eða prentun. Þetta getur átt við ef nemandi hefur misst úr námi eða telur af öðrum sökum að sig skorti þekkingu eða færni í viðkomandi grein. Eins ef hann hefur fengið ábendingu um að færni í tilteknum þætti sé ábótavant. Best er að hafa samband við skólastjóra og óska eftir einkaleiðsögn í tiltekinni grein. Ávallt er brugðist fljótt við slíkum beiðnum. Eigi nemandi við einhvers konar námsörðugleika að stríða er kappkostað að finna leiðir sem henta við úrlausn allra verkefna.

Námsráðgjöf. Við skólann starfar náms- og starfsráðgjafi sem hefur löggildingu sem slíkur. Náms- og starfsráðgjafi starfar í þágu nemandans og er áhersla lögð á að mæta þörfum hvers og eins. Námsráðgjafi kynnir sig og þá þjónustu sem hann veitir í upphafi skólaársins, sinnir einstaklingsviðtölum við nemendur og heldur örnámskeið í námstækni.

Opnir viðtalstímar og námskeið sem náms- og starfsráðgjafi heldur eru auglýstir á

stundartöflu og með pósti til nemenda.

Innra mat skólans

Sjálfsmat skólans er stöðugt virkt og nemendur jafnt og kennarar hvattir til að miðla til starfsfólks upplýsingum eða hugmyndum um það sem betur má fara.

Kennslukannanir

Við lok hvers áfanga fer fram rafrænt mat nemenda á kennsluaðferðum og námsefni áfangans. Haldið er utan um niðurstöðurnar, þær túlkaðar og helstu atriði þeirra dregin saman. eru niðurstöður gerðar aðgengilegar fyrir skólastjórnendur og kennara. eru þær notaðar við mat, endurskoðun og þróun einstakra áfanga og skólastarfsins í heild.

Mat á starfi skólans og gæðum náms fer einnig fram með óformlegri hætti á fundum skólastjórnenda með nemendum.

Skólafundur

Skólastjóri Ljósmyndaskólans boðar til skólafundar einu sinni á hverri önn. Þar er starfsemi Ljósmyndaskólans kynnt og boðið upp á umræður um þróun hans. Fundinn sitja skólastjóri, verkefnastjóri, fulltrúi úr fagráði, og 3 fulltrúar nemenda, einn úr hverjum árgangi. Allir kennarar skólans fá einnig fundarboð á skólafund. Skólafundur er vettvangur fyrir umræðu um fagleg málefni innan Ljósmyndaskólans; stefnumótun og skólaþróun og mikilvægur þáttur í innra mati skólans.

Rýninefnd

Rýninefnd er skipuð af fagráði skólans og í henni eru einstaklingar sem standa utan daglegs reksturs skólans. Kemur hún að mati á lokaverkefnum nemenda við annarlök. Þegar rýninefndin lýkur störfum, hverju sinni, ræðir hún heildar frammistöðu nemenda við skólastjóra og bendir þá á hvað mögulega megi betur fara í skólastarfinu til að nemendur nái enn betri árangri í náminu.

Kennarafundir

Kennarafundir allra kennara við skólann eru haldnir a.m.k. einu sinni á hvorri önn skólaársins. Á kennarafundum er farið yfir skólastarfið á önninni í heild og allt er

varðar fyrirkomulag náms, kennslu og námsmat. Einnig er þar fjallað um sjálfsmat skólans og annað innra starf og greint frá heildarniðurstöðum kennslukannana.

Aðstaða

Það er stefna skólans að bjóða upp á besta mögulega tækjakost í vel útbúnu og sérhönnuðu húsnæði. Nemendur hafa afnot af góðri vinnuaðstöðu í rúmgóðu húsnæði. Þar eru fyrirlestrastofur, framköllunarherbergi með aðstöðu fyrir svarthvíta filmuframköllun, stórt myrkra-/stækkunarherbergi með sjö stækkurum og aðstöðu til að stækka filmur frá 35mm og upp í 4x5" blaðfilmu. Til staðar er rúmgott myndvinnslusvæði með skurðarhnífum, ljósaborð til skoðunar á filmum og annar nauðsynlegur búnaður til fullnaðarfrágangs á myndefni. Myndver (stúdíó) nemenda er 40m² rými, sérhannað til myndversvinnu. Tölvuver nemenda er vel búið tölvum til myndvinnslu ásamt skanna, prentara og öðrum tilheyrandi tölvubúnaði. Að auki fylgir aðstöðu nemenda bókasafn, sameiginleg vinnuaðstaða, setustofa, tækjageymsla og kaffiaðstaða.

Nemendur hafa aðgang að vinnuaðstöðu í skólahúsnæðinu á meðan þeir stunda nám við skólann.

Nemendum stendur til boða að fá lánaðar ýmsar gerðir myndavéla og annan tækjabúnað sem nýtist þeim við úrlausnir verkefna. Um lán á tækjum skólans gilda ákveðnar reglur sem nemendum ber að virða.

Enn fremur hafa nemendur aðgang að góðu bókasafni um ljósmyndun og ljósmyndara sem nýtist þeim við hvers konar verkefnavinnu. Bókasafnið telur nokkur hundruð bókatitla og tímarita en einnig er þar aðgengilegt myndefni um sjónlistir. Öll gögn eru til notkunar á staðnum en útlán þeirra eru ekki heimiluð.

Húsnæði skólans er á annarri hæð, í stigahúsi er handrið til handstyrkingar á tvo vegu. Húsnæðið er án þröskulda.

Viðhaldi húsnæðis er sinnt jafnt og þétt. Þrif eru í höndum fagaðila í þrifum. Reglulega er farið yfir brunavarnir og önnur öryggismál með nemendum.

Nemendur og starfsfólk deila bílastæðum við húsið með öðrum þeim sem þar starfa. Aðstaða er til að geyma reiðhjól.

Samstarf

Skólinn á samstarf við fjölda skóla, félaga, fyrirtækja og stofnana á Íslandi jafnt og erlendis. Samstarfið er einkum í formi sýningarhalds, námskeiða, með aðkomu að

hátíðum, málstofum eða öðrum viðburðum. Má þar nefna Ljósmyndasafn Reykjavíkur, FÍSL, Félag íslenskra samtímaljósmyndra, Ljósmyndahátíð Íslands og PCA – Paris College of Art.

Skólinn er í samstarfi við erlenda skóla varðandi kennara- og nemendaskipti og þróun kennsluhátta. Má þar nefna The Glasgow School of Art, Arts University Bournemouth og MCAST; Malta College of Arts Science and Technology.

Skólinn er líka í samstarfi við ýmis fyrirtæki varðandi lán, styrki eða afslætti á tækjum og búnaði til ljósmyndunar, m.a. umboðsaðila framleiðslufyrirtækja Nikon, Canon, Sony og Fuji.

Námsferðir

Gert er ráð fyrir að nemendur þriðja árs fari í námsferð til Parísar á sýninguna [Paris Photo](#) eða á aðra sambærilega sýningu erlendis. Nemendur fjármagna ferðina sjálfir; leita styrkja eða annarra leiða til fjáröflunar til að standa straum af kostnaði við hana.

Allan námstímann eru nemendur hvattir til að leita eftir innblæstri og þekkingu utan skólans. Þeim er bent á að sækja ljósmyndasýningar og aðrar listsýningar eða viðburði tengda sjónlistum. Áhersla er lögð á að slíkt er mikilvægur þáttur í að víkka sjóndeildarhringinn og til að þroskast sem skapandi einstaklingur. Vettvangsferðir á sýningar eða fyrirlestra utan skólans eru hluti námsefnis tiltekinna áfanga og ætíð stuðlað að því að tengja viðburði í listumhverfinu á Íslandi (eða erlendis) við nám nemenda eins og kostur er.

Skólaverkefni

Þau verkefni sem nemendur vinna undir handleiðslu kennara í skólanum eru skólaverkefni. Ætíð skal kynna þau sem slík og að geta þess að þau séu unnin við Ljósmyndaskólann. Gildir þetta einnig um skólaverkefni eftir að námi er lokið. Skólanum er heimilt að nota verkefni nemenda sem unnin eru á námstíma, til kynningar á starfi skólans.

Skólagjöld

Nemendur greiða skólagjöld fyrir setu í Ljósmyndaskólanum. Stjórn skólans ákveður fjárhæð skólagjalda, staðfestingargjalda og greiðslufyrirkomulag. Eftirfarandi meginreglur gilda um skólagjöld:

- Í skólagjöldunum er innifalinn kostnaður vegna kennslu og aðstöðu nemenda til að stunda nám við skólann, þ.m.t. lán á myndavélum skólans, stúdíói, stúdíóbúnaði, aðgangur að myrkraherbergi, tölvuveri og öðrum búnaði. Nemendur þurfa sjálfir að standa straum af kostnaði vegna bóka, harðra diska til vistunar eigin gagna, filmukaupa/vinnslu, prentunar, stækkunar mynda, gerðar sýningarefnis og annars slíks sem til fellur á námstímanum.
- Skólagjöld verða að vera að fullu greidd fyrir upphaf hvorrar annar og nemandi skuldbindur sig til greiðslu skólagjalda í eitt námsár í senn.
- Skólagjöld fást ekki endurgreidd eftir að nám er hafið.
- Við lok hvers námsárs þurfa nemendur að staðfesta við skólann, að þeir hyggist halda áfram námi við skólann næsta námsár.
- Í kjölfar staðfestingar á skólavist komandi námsár greiða nemendur staðfestingargjald.
- Greiði nemandi ekki staðfestingargjaldið fyrir tiltekin greiðslufrest er litið svo á að hann falli frá námi við skólann.
- **Staðfestingargjald er ætíð óafturkræft.**
- Viðskipti milli nemanda og Ljósmyndaskólans, vegna skólagjalda, eru ekki á ábyrgð annarra en nemanda og Ljósmyndaskólans.

Sjái nemandi sér einhverra hluta vegna og af ófyrirséðum ástæðum, ekki fært að standa í skilum við Ljósmyndaskólann er hægt að hafa samband við skrifstofu skólans og óska eftir samningi um greiðsludreifingu. Það verður þó að gerast fyrir eindaga reiknings sem að öðrum kosti fer í innheimtu með tilheyrandi kostnaði. Við slíkan formlegan samning um greiðsludreifingu tekur nemandinn á sig þann aukakostnað sem skólinn hefur af fyrirkomulaginu.

Almennar skólareglur

- Ljósmyndaskólinn er einkarekinn skóli sem byggir afkomu sína á skólagjöldum nemenda. Nemendur skuldbinda sig til að greiða skólagjöld fyrir eitt skólaár í senn. Skólagjöld skulu vera fullgreidd við upphaf hvorrar annar.
- Gagnkvæm virðing, kurteisi og heiðarleiki skal höfð að leiðarljósi í samskiptum nemenda og starfsfólks og ætíð þegar komið er fram í nafni skólans. Virða skal markmið skólans, stefnu hans og reglur og gæta í hvívetna að varpa ekki rýrð á heiður hans. Nemendur skulu sýna verkum og skoðunum annarra virðingu.
- Nemendur skulu sýna góða ástundun, koma stundvíslega til kennslu og tilkynna forföll til skólans. Mæting og ástundun náms er á ábyrgð hvers nemanda.

- Nemendur skulu sýna góða umgengni í húsnæði skólans og við notkun á tækjabúnaði hans.
- Reykingar eru óheimilar í húsnæði skólans. Öll meðferð og neysla áfengis og annarra vímuefna er stranglega bönnuð í húsakynnum skólans.
- Óheimilt er að neyta matar og drykkjar í framköllunaraðstöðu, myndveri, bókasafni og tölvuveri skólans.
- Nemendur bera sjálfir ábyrgð á eigin verðmætum og á þeim tækjum sem þeir leigja í tækjaleigu skólans.
- Nemendur bera fulla ábyrgð á tjóni sem þeir kunna að valda á húsnæði skólans eða eigum hans.
- Brot á reglum skólans getur leitt til brottvísunar úr skóla.

NÁMSLÝSING

NÁMSBRAUT Í SKAPANDI LJÓSMYNDUN 1

Markmið námsins er að nemendur öðlist þekkingu á ljósmyndataekni og hljóti þjálfun í að beita henni á skapandi máta.

Á námsbrautinni er áhersla lögð á að kenna á helstu verkfæri ljósmyndarans; þ.e. vélbúnað eins og myndavélar og tæki og tól í myndveri og að nemendur hljóti þjálfun í að beita tækjum og tækni við sköpun eigin myndverka.

Hvorutveggja er kennd hefðbundin filmuljósmyndun og ljósmyndun með stafrænni tækni. Áhersla er lögð á að kenna vinnubrögð og að þjálfarar verklag við myndvinnslu í stafrænu umhverfi með myndvinnsluforritum sem og verklag og aðferðir í myrkra- og framköllunaraðstöðu. Nemendur læra beitingu ljósabúnaðar og annars vélbúnaðar sem tilheyrir ljósmyndun og að skanna og að búa myndir sínar til prentunar. Einnig fá þeir þjálfun í notkun á prentara skólans.

Lögð er áhersla á að nemendur beiti þekkingu sinni á skapandi máta í náminu öllu og tileinki sér aðferðir við sköpun, t.d. í gegnum hugmyndavinnu. Þar er markmiðið að þeir nái tökum á leiðum til þess að þróa hugmyndir sínar og kynna þær. Einnig hljóta þeir þjálfun í að greina og fjalla um myndverk út frá sögulegu samhengi og hugmyndalegu inntaki. Kennd er myndbygging, formfræði, uppbygging ritgerða og meðferð heimilda, lista- og ljósmyndasaga.

Markvisst er unnið að því í náminu á báðum öllum námsbrautarinnar að auka færni nemandans í öllum þessum lykilþáttum og að nemendur kynnist á hve fjölbreyttan máta ljósmyndun er notuð til tjáningar og sköpunar. Á báðum öllum taka nemendur þátt í fjölbreyttum vinnustofum og fá þar innsýn í það hvernig ljósmyndamiðillinn er notaður á ólíka vegu í samtímalist. Þeir eru einnig kynntir fyrir möguleikum mismunandi samfélagsmiðla til kynningar og fá þjálfun í að velja og vinna eigið efni til birtingar á slíkum miðlum. Í lok seinni annar námsbrautarinnar samþætta nemendur nám beggja anna í lokaverkefni annarinnar. Fara þeir þá í gegnum ferlið frá „hugmynd til fullbúins verks“ undir handleiðslu kennara, með allavega eina af hugmyndum sínum. Afraksturinn er sýndur á *Uppskeruhátíð* skólans að vori.

Samfella er í námi anna og sífellt er bætt ofan á þann grunn sem þegar hefur verið kenndur.

Í lok námsbrautarinnar er gert ráð fyrir að nemendur

- hafi hlotið innsýn í skapandi möguleika ljósmyndunar
- hafi öðlast þekkingu og færni í öllum helstu grunnþáttum ljósmyndunar, stafrænnar jafnt sem filmuljósmyndunar, og geti beitt aðferðunum við eigin vinnu og sköpun
- hafi náð góðum tókum á stafrænni myndvinnslu, flokkun og geymslu stafrænna ljósmynda og séu færir um að vinna sjálfstætt að úrlausn verkefna sem því tengjast
- hafi þekkingu til að vinna myndir fyrir prentun, hafi náð góðum tókum á prentun í prentara skólans og þekkingu á helstu þáttum mismunandi prentferlis
- hafi náð góðum tókum á vinnu í myndveri og umgengni við tæki og búnað sem þar tilheyrir
- hafi fengið æfingu í að lesa ljós og átti sig á því hvernig unnt er að nýta það til mynduppbyggingar og til að ná fram áhrifum í myndsköpun; geti beitt ólíkum ljósgjöfum, mismunandi aðferðum við lýsingu og kunni að skapa andrúmsloft með lýsingu
- hafi lært klassíska/hefðbundna aðferð við framköllun á svarthvítum filmum, hlotið þjálfun í skapandi myrkrakerbergisvinnu og náð valdi á því að stækka ljósmyndir á pappír af ólíkri tegund. Kunni handbragðið við frágang, lagfæringar og uppsetningu á handstækkuðum ljósmyndum og geti unnið sjálfstætt að þessum þáttum
- hafi náð tókum á því að skrifa stutta ritgerð, afla heimilda og að nota heimildatilvísanir
- kunni skil á helstu straumum og stefnum í ljósmyndasögu 19. aldar og fyrri hluta þeirrar 20. og tengslum ljósmyndunar við listheim og samfélagsþróun þess tímabils
- hafi almenna yfirsýn um þróun myndlistar. Kunni skil á tengslum ljósmyndarinnar við þá þróun og hafi innsýn í áhrifamátt hennar í menningarlegu og sögulegu samhengi
- geti greint og fjallað um myndverk út frá listsögulegu samhengi og hugmyndalegu inntaki
- hafi náð tókum á aðferðum við hugmyndavinnu, þjálfast í notkun slíkra vinnubragða og geti nýtt þekkinguna við undirbúning, þróun og útfærslu eigin verkefna og til kynningar á þeim
- hafi rannsakað möguleika ólíkra samfélagsmiðla til kynningar og öðlast þjálfun í því að velja, vinna og birta eigið efni á slíkum miðlum
- hafi kynnst ólíkum listamönnum, mismunandi hugmyndum, vinnubrögðum og aðferðum

- hafi fengið innsýn í fjölþætta notkun ljósmyndamiðilsins í samtímamyndlist og því að mismunandi fagurfræðileg og hugmyndafræðileg gildi geta legið að baki notkun miðilsins til tjáningar
- hafi samþætt helstu áherslupætti námsins fyrstu tvær annirnar og hafi, undir handleiðslu, farið í gegnum ferlið „frá hugmynd til fullbúins verks“. Afrakstur vinnunnar er sýndur á *Uppskeruhátíð* skólans að vori.

1. önn 30 Fein

720 námsstundir. Fyrirlestrar/málstofa, sýnikennsla, einkatímar, hóptímar og sjálfstæð verkefnavinna undir handleiðslu. 387 stundir. Eigin vinna 333 stundir.

Helstu námsþættir og áherslur

Farið er í þætti er varða myndavélina sem verkfæri ljósmyndarans, s.s. ljósop og hraða og önnur tæknileg atriði varðandi myndatökur sem eru grundvallandi í skapandi beitingu miðilsins. Kennð eru grundvallaratriði mynduppbyggingar og notkun ljóss við myndsköpun. Nemendur læra að vinna í myndveri (stúdíói) og meðhöndlun tilheyrandi tækjabúnaðar. Þeir læra einnig framköllun á svarthvítum filmum, stækkun og prentun af filmum. Ennfremur grundvallar þætti stafrænnar ljósmyndunar, flokkun og skipulag myndasafns og helstu þætti stafrænnar myndvinnslu. Þeir læra að vinna myndir fyrir prentun og fá kennslu í því að prenta á prentara skólans. Nemendur eru kynntir fyrir grunnhugtökum í hugmyndavinnu og hagnýtum atriðum varðandi ritun á texta, heimildanotkun og hvernig beita skal heimildatilvísunum. Farið er í sögu ljósmyndunar frá upphafi og fram yfir miðja 20. öld, í íslensku og alþjóðlegu samhengi, með tilliti til tengsla við hugmyndastrauma, liststefnur, tækniþróun og samfélagshræringar.

Í öllum áföngunum er áhersla á að nemendur leysi verkefni, kynni þau og setji í samhengi við kenningar, hugmyndir eða aðferðir. Nemendur eru hvattir til að þróa með sér þekkingu á mismunandi aðferðum við myndbyggingu og úrvinnslu verkefna og til þess að gera tilraunir með að beita ljósmyndamiðlinum á persónulegan máta. Á önninni taka nemendur þátt í tveimur vinnustofum og vinna þar undir handleiðslu listafólks í afmarkaðan tíma.

Markmið í lok annar:

- Að nemendur hafi lært að nota ljósmyndavélina og nýta eiginleika hennar til skapandi vinnu.
- Að nemendur hafi öðlast þekkingu og færni í grunnþáttum ljósmyndunar og geti beitt þeim við eigin vinnu og sköpun.
- Að nemendur hafi náð tókum á vinnu í myndveri og umgengni við tæki og tól.
- Að nemendur hafi lært klassíska aðferð við framköllun á svarthvítum filmum og náð valdi á því að stækka ljósmyndir á pappír.
- Að nemendur kunni skil á grunnþáttum stafrænnar myndvinnslu, flokkun og geymslu stafrænna ljósmynda, hafi þekkingu til að vinna myndir fyrir prentun og kunni á prentara skólans.
- Að nemendur hafi fengið æfingu í að lesa ljós og átti sig á því hvernig unnt er að

nýta það til mismunandi mynduppbyggingar og til að ná fram áhrifum í myndsköpun.

- Að nemendur hafi náð tökum á aðferðum við hugmyndavinnu, hafi þjálfast í notkun slíkra vinnubragða og geti nýtt þekkinguna við undirbúning og útfærslu eigin verkefna.
- Að nemendur hafi náð tökum á því að skrifa stutta ritgerð, að afla sér heimilda og að nota heimildatilvísanir.
- Að nemendur kunni skil á helstu straumum og stefnum í ljósmyndasögu 19. aldar og fyrri hluta þeirrar 20. og tengslum ljósmyndunar við listheim og samfélagsþróun þess tímabils.
- Að nemendur hafi hlotið innsýn í skapandi möguleika ljósmyndunar.
- Að nemendur hafi fengið innsýn í fjölbætta notkun ljósmyndamiðilsins í samtímamyndlist og því að mismunandi fagurfræðileg og hugmyndafræðileg gildi geta legið að baki notkun miðilsins til tjáningar.

LJÓSA4LH02 Myndavélin - ljósop, hraði og myndsköpun, 2 Fein

Markmið áfangans er að nemendur verði færir um að beita ýmsum tæknilegum þáttum ljósmyndamiðilsins markvisst við sköpun eigin myndverka. Kanna þeir eiginleika mismunandi gerða myndavéla og hvernig það að beita ólíkum myndavélum, mismunandi stillingum og linsum hefur áhrif í myndsköpun.

Skoðaðir eru mismunandi eiginleikar 35 mm og „mediumformat“ filmuvéla sem og eiginleikar stafrænna myndavéla. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist skilning á grundvallar tæknilegum þáttum eins ljósopi, hraða, mismunandi ljómnæmi („iso“-stillingum) og samspili slíkra þátta við myndsköpun. Kennt er á notkun ljósmæla. Í áfanganum skila nemendur ýmsum verklegum æfingum og verkefnum. Ítarlega er farið yfir þa, við skil með áherslu á að skoða og ræða þá tækni sem notuð var við lausn verkefnisins í hverju tilfelli.

Í lok áfangans eiga nemendur að hafa rannsakað ólíkar gerðir filmuvéla sem og stafrænar myndavélar, eiga að þekkja ólíka eiginleika þeirra og helstu möguleika sem í þeim felast. Þeir eiga að kunna að nota ljósmæla og að nýta sér ljósop og hraða til að ná tilætluðum áhrifum við myndsköpun.

Fyrirlestrar/málstofa, verkefnavinna undir handleiðslu: 30 stundir.

Eigin verkefnavinna: 18 stundir.

Námsmat: Verkefni, vinnubók.

Skyldulesefni:

- **London, Barbara & Upton, John** og fleiri: *Photography*. Pearson.

Ráðlagt lesefni:

- **Caroll, Henry**: *Read This if you Want to Take Great Photographs*. Laurence King Publishing.

LJÓS4SF03 Svarthvít filmuframköllun og stækkun, 3 Fein

Markmið áfangans er að nemendur læri að framkalla svarthvítar filmur, æfi sig í að lesa í filmur og gera kontakta. Einnig grundvallar handtök þess að stækka ljósmyndir af filmu á pappír.

Farið er yfir hvernig nota á framköllunaraðstöðu, stækkara og annan búnað myrakraherbergis sem og almenna umgengni við tæki og aðstöðu. Nemendur framkalla filmur og stækka ljósmyndir af filmu, fyrst undir handleiðslu og síðar sjálfir og fá þá aðstoð við að leysa þau vandamál sem upp koma í myrakraherberginu. Eins fá nemendur kynningu á því hvernig frágangi, skipulagi og geymslu á filmum er best háttað. Kennnd eru nokkur helstu grundvallaratriði þess hvernig handprentaðar myndir eru meðhöndlaðar, skornar, settar upp á karton og gengið frá þeim í ramma. Nemendur vinna vinnubók jafnt og þétt yfir önnina.

Í lok áfangans eiga nemendur að kunna að framkalla filmur, meðhöndla þær og geyma. Þeir þurfa að hafa náð nokkrum tókum á að stækka svarthvítar ljósmyndir á pappír. Ennfremur á frágangi og uppsetningu á slíkum verkum. Þeir eiga að kunna að umgangast tæki og búnað myrakraherbergis og framköllunaraðstöðu og að geta unnið sjálfstætt að þessum þáttum námsins.

Fyrirlestrar, handleiðsla í hóp og í einkatímum, verkefni og vinnubók: 40 stundir

Eigin verkefnavinna: 32 stundir.

Námsmat: Verkefni og vinnubók.

Skyldulesefni:

- **London, Barbara & Upton, John** og fleiri: *Photography*. Pearson.

Ráðlagt lesefni:

- **Adams, Ansel**: *The Negative: Ansel Adams Photography, Book 2*. Ansel Adams.
- **Adams, Ansel**: *The Print: Ansel Adams Photography, Book 3*. Little Brown.

- **Bartlett, Larry&Tarrant, Jon:** *Black&White: Photographic Printing Workshop*. Silver Pixel Pr.

LJÓŠ4MF02 Myndatökur, myndbygging og formfræði, 2 Fein

Markmið áfangans er að kenna hvernig val myndefnis, myndataka og sjónarhorn við töku hefur áhrif á merkingu ljósmyndar og frásagnarmáta hennar. Skoðað er hvernig hægt er að túlka sama viðfangsefnið á ólíka vegu með því að breyta sjónarhorni eða því hvernig myndflöturinn er mótaður við myndatökuna. Nemendur kynnast helstu hugmyndum og kenningum um myndbyggingu, svo sem um gullinsnið, hlutföll, styrkleika og staðsetningu aðalatriða á myndfleti. Ræddar eru spurningar varðandi reglur um form og hlutföll í tvívíðum myndverkum af öllu tagi og hvort nauðsynlegt sé að hafa náð tökum á hugmyndum/lögmálum um myndbyggingu til að geta brotið þær. Í fyrirlestrum eru tekin margvísleg dæmi úr listasögunni um meðvitaða notkun á myndrænni uppbyggingu og hvernig myndhöfundar öðlast tök á myndmáli með aukinni meðvitund um form og byggingu. Bent er á mismunandi nálgun listamanna við tilteknar grunnhugmyndir og ólíkar leiðir þeirra í formrænni uppbyggingu. Nemendur eru hvattir til að tileinka sér þekkingu á mismunandi aðferðum við myndbyggingu og úrvinnslu verkefna og að þróa með sér persónulegan stíl.

Nemendur velja myndir og skýra byggingu þeirra út frá þeim kenningum og aðferðum sem fjallað hefur verið um í áfanganum og kynna verkefni sitt með stuttum fyrirlestri fyrir samnemendum og kennara.

Kennari leggur fram og bendir á ýmis námsgögn.

Í lok áfangans eiga nemendur að þekkja helstu aðferðir við mynduppbyggingu, mikilvægi sjónarhorns og nýtingu myndflatar og að geta greint persónulega beitingu þeirra þátta við sköpun myndefnis.

Fyrirlestrar/málstofa, vinna undir handleiðslu: 18 stundir.

Eigin verkefnavinna: 30 stundir.

Námsmat: Verkefni.

Ráðlagt lesefni:

- **Anthes, Bill&Modrak, Rebekah:** *Reframing Photography: Theory and Practice*. Routledge.
- **Fink, Larry:** *Larry Finkon Composition and Improvisation*. Aperture.

SLFM4SM06 Stafræn myndvinnsla, flokkun og umsýsla gagna, 1. hluti, 6 Fein

Markmið áfangans er að nemendur kynnist helstu eiginleikum, stillingum, og hugtökum stafræna myndvinnsluumhverfisins og tileinki sér markvisst vinnuferli. Þeir hljóta þjálfun í umsýslu stafrænna gagna; flokkun þeirra og geymslu og læra grundvallaratriði litstýringar og almennrar myndvinnslu. Ennfremur undirbúning myndefnis til prentunar og notkun bleksprautuprentara. Farið er í mismunandi pappírsgerðir, val á pappír og önnur hagnýt atriði og vinnubrögð varðandi prentun. Nemendur fá tilsögn í grundvallaratriðum filmuskönnunar.

Í lok áfangans eiga nemendur að hafa tileinkað sér aðferðir til að halda utan um stafrænt myndasafn sitt með skipulögðum hætti, að geta beitt helstu grunnþáttum í litstýringu við myndvinnslu stafrænna ljósmynda. Þeir eiga að kunna verkferli við stafræna útprentun; geta undirbúið myndefni til prentunar, prentað út og skannað filmur.

Fyrirlestrar, sýnikennsla og vinna undir handleiðslu: 80 stundir.

Eigin verkefnavinna: 64 stundir.

Námsmat: Verkefni og próf.

Skyldulesefni:

- **Evans, John & Straub, Katrin:** *Adobe Photoshop Lightroom Classic CC; Classroom in a Book*. Adobe Press.

STUD4LS06 Að lesa í og skapa ljós, 1. hluti, 6 Fein.

Markmið áfangans er að skoða eitt megin viðfangsefni ljósmyndarans – ljósið. Nemendur rannsaka hvernig ljós virkar og á hvern máta lýsing getur breytt afstöðu til myndefnis og túlkun á ljósmyndinni. Nemendur skoða mismunandi ljósgjafa, fá æfingu í að lesa í ljós, ekki síst náttúrulegt og óbeint ljós og að vinna með það á fjölbreyttan hátt. Áhersla er lögð á að nemendur hljóti æfingu í að nýta mismunandi ljósgjafa til mynduppbyggingar og til að ná fram ólíkum áhrifum í myndsköpun.

Nemendur kynnast vinnu í myndveri (stúdíói); farið er yfir aðferðir við lýsingu og vinnubrögð sem þar gilda. Unnið er með mismunandi tegundir lýsinga og kappkostað að kynna nemendum ólíkar aðferðir við að nota ljós. Þeir eru kynntir fyrir helstu lykilhugtökum í stúdíólýsingu sem þeir þurfa að kunna skil á og fá

kynningu á notkun ólíkra tegunda myndavéla í myndveri.

Í lok áfangans eiga nemendur að þekkja mikilvægi ljóssins í ljósmyndun og að hafa náð tökum á grundvallarþáttum þess að nota ljós til myndsköpunar og mynduppbyggingar. Þeir eiga að hafa tileikað sér verklag við vinnu í myndveri, að meðhöndla tilheyrandi tækjabúnað og þekkja helstu aðferðir við lýsingu í myndveri. Getu notfært sér náttúrulegt ljós og aðra ljósgjafa til myndsköpunar og að hafa náð nokkrum tökum á að blanda saman ólíkum ljósgjöfum við myndatökur.

Fyrirlestrar, hóptímar, vinna undir handleiðslu: 72 stundir.

Eigin verkefnavinna: 72 stundir.

Námsmat: Verkefni og vinnubók.

Ráðlagt lesefni:

- **Fancher, Nick:** *Studio Anywhere: A Photographers' s Guide to Shooting in Unconventional Locations.* Peachpit Press, Pearson.
- **Hunter, Fill&Biver, Steven&Fuqua, Paul:** *Light Science&Magic: An Introduction to Photographic Lightning.* Focal Press.

LJSA4LS02 Ljósmyndasaga 1. hluti, 2 Fein

Markmið áfangans er að gefa yfirsýn yfir sögu ljósmyndunar frá upphafi og fram yfir miðja 20. öld, bæði á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi. Nemendur kynnst ólíkum straumum og stefnum í ljósmyndun og hvernig þær tengjast hræringum í listheimi, tækniveröld og samfélagi á hverjum tíma.

Nemendur velja sér ljósmyndara, afla sér heimilda og vinna ritgerð. Einnig vinna nemendur ljósmyndaverkefni í anda ljósmyndara úr ljósmyndasögunni.

Í lok áfangans eiga nemendur að þekkja mismunandi áherslur eða stefnur í ljósmyndun á ólíkum tímabilum, kunna skil á helstu áhrifavöldum í ljósmyndasögunni og geta gert grein fyrir samhenginu við aðra listsköpun og strauma í samfélaginu á hverjum tíma.

Fyrirlestrar, málstofa, vinna undir handleiðslu: 34 stundir.

Eigin verkefnavinna, gagnaöflun og ritgerð: 14 stundir.

Námsmat: Ritgerð og verkefni.

Ráðlagt lesefni:

- **Goldberg, Vicki,** ritstjóri: *Photography in Print: Writings from 1816 to the*

Present. University of New Mexico Press.

- **Inga Lára Baldvinsdóttir**: *Ljósmyndarar á Íslandi 1845–1945*. Þjóðminjasafn Íslands.
- **Marien, Mary Warner**: *Photography: A Cultural History*. Pearson.
- **Rosenblum, Naomi**: *World History of Photography*. Abbeville Press.
- **Trachtenberg, Alan**, ritstjóri: *Classic Essays on Photography*. Leete's Island Books.

HUGM4HV02 Aðferðir við listsköpun - hugmyndavinna, 1. hluti, 2 Fein

Markmið áfangans er að kynna nemendur fyrir grundvallarþáttum sem snúa að því að vinna með hugmynd og það að þroska hana og næra. Nemendum eru kynntar aðferðir við vinnu með hugmyndir og skipulag slíkrar vinnu, þeir fá þjálfun í að beita ólíkum aðferðum við að halda utan um hugmyndir sínar og þróa þær en einnig að ræða um hugmyndir og að kynna þær fyrir öðrum.

Áhersla er lögð á að nemendur rannsaki einnig það hvernig hægt er að sækja innblástur til listsköpunar og skoði persónulega nálgun á það viðfangsefni.

Í lok áfangans eiga nemendur að hafa áttað sig á gildi markvissrar vinnu við að þróa hugmyndir, þekkja leiðir til að þroska þær og kunna skil á mismunandi aðferðum við hugmyndavinnu.

Fyrirlestrar, vinna undir handleiðslu, einkatímar: 33 stundir.

Eigin verkefnavinna: 15 stundir.

Námsmat: Vinnubók, verkefni og virkni í tímum.

Ráðlagt lesefni:

- **Simmons Mike**: *Making Photographs, Planning, Developing and Creating Original Photography*, Bloomsbury Publishing.
- **Jaeger, Anne-Celine**: *Image Makers, Image Takers*. Thames & Hudson.
- **Steingrímur Eyfjörð**: *Handbók í hugmyndavinnu*. Háskólaprent.

RÝRÆ4RR02 Að rýna og ræða, 2 Fein

Markmið áfangans er að nemendur kynni sér ákveðna fyrirfram valda texta sem allir fjalla um eða snerta ljósmyndamiðilinn á einhvern máta; ritgerðir um kenningar, hugmyndasögu, heimspeki eða ævisögur merkra listamanna. Tilgangurinn er að þjálfva nemendur í að greina og ræða innihald texta. Nemendur eru hvattir til að tengja innihald þessara texta öðrum þáttum námsins.

Í lok áfangans er gert ráð fyrir því að nemendur hafi öðlast þjálfun í að lesa, greina, fjalla um og að rökræða ólíka texta sem allir hafa snertiflöt við ljósmyndun.

Málstofa, greinargerð, verkefni: 10 stundir.

Eigin verkefnavinna: 38 stundir.

Námsmat: Verkefni, virkni og þátttaka í tímum.

Skyldulesefni:

- **Barthes, Roland:** *Camera Lucida: Reflections on Photography*. Hill&Wang.
- **Rappaport, Helen&Watson, Roger:** *Capture The Light: A True Story of Genius, Rivalry and the Birth in Photography*. St. Martin's Press.

SKRI4RI01 Ritgerðir, heimildanotkun og frágangur ritaðra verkefna, 1 Fein

Markmið áfangans er að kynna fyrir nemendum þau grundvallaratriði sem hafa ber í huga við textaskrif. Farið er yfir uppbyggingu ritgerða, heimildanotkun, heimildatilvísanir og frágang á heimildum í heimildalista. Nemendur hljóta þjálfun í þessum þáttum og er þess krafist að þeir beiti vinnubrögðunum við úrlausnir allra skriflegra verkefna út námstímann.

Í lok áfangans eiga nemendur að hafa hlotið þjálfun í að skrifa stutta texta um afmarkað efni og náð tökum á því að beita heimildum og ganga frá heimildalista og tilvísunum.

Fyrirlestrar, verkefni: 10 stundir.

Eigin verkefnavinna: 14 stundir.

Námsmat: Verkefni.

Ráðlagt lesefni:

- **Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal:** Handbók um ritun og frágang. Mál og menning.

VINF4VI04 Vinnustofur, 4 Fein

Vinnustofurnar eru yfirheiti áfanga sem eru starfsvettvangur nemenda og gestakennara sem allir eru starfandi ljósmyndarar/listamenn. Vinna þeir með nemendum í afmarkaðan tíma. Í vinnustofum eru tekin fyrir ýmis verkefni sem tengjast listsköpun, s.s. hugmyndavinna, rannsóknir og mismunandi aðferðir og

tækni.

Tvær vinnustofur eru undir þessum áfanga og er hvor um sig 2 Fein.

Vinnustofukennarar ráðleggja lesefni og annað námsefni hverju sinni sem hentar heildarviðfangsefni vinnustofunnar og/eða verkefnum einstakra nemenda.

Markmið áfangans er að að opna augu nemenda fyrir því hvernig nota má ljósmyndun á mismunandi hátt í listrænum tilgangi og að þjálfa þá í skapandi starfi með miðilinn. Enn fremur er markmiðið að ýta undir sköpunarkraft nemenda og að leitast við að opna þeim nýjar leiðir í persónulegri tjáningu.

Í lok áfangans hafa nemendur kynnst því að starfa með ólíkum listamönnum, kynnst mismunandi hugmyndum, vinnubrögðum og aðferðum í listsköpun og aukið við skilning sinn á fjölbættri notkun ljósmyndamiðilsins til tjáningar og sköpunar.

Vinnustofurnar eru fjölbreyttar að formi og geta samanstáðið af: fyrirlestrum, hóptímum, einkatímum, sýnikennslu, vettvangsferðum og verklegum æfingum: 60 stundir.

Eigin verkefnavinna: 36 stundir.

Námsmat: verkefni, vinnubækur og virkni í tímum.

2. önn, 30 Fein

720 námsstundir. Fyrirlestrar/málstofa, vettvangsferðir, hóptímar, einkatímar og sjálfstæð verkefnavinna. 357 stundir. Sjálfstæð vinna, 363 stundir.

Helstu námsþættir og áherslur

Markmið annar er að nemendum aukist færni í flestum þeim grundvallarþáttum ljósmyndunar sem þegar hafa verið kynntir. Áfram er hnykkt á vinnubrögðum og skilningi á ólíkum úrlausnarefnum í stafrænni ljósmyndun og nemendur þjálfaðir í því að nýta möguleika tækninnar til að ná fram tilætluðum áhrifum við úrlausn ólíkra verkefna.

Lögð er áhersla á að kenna mismunandi aðferðir við vinnu í myndveri (stúdíói) og að æfa enn frekar almenn vinnubrögð. Nemendur fá þjálfun í því að beita mismunandi tækni við lýsingu, glíma við flóknari lýsingaverkefni og markmiðið að þeir nái tökum á að nota mismunandi lýsingu í myndveri með ólíkum gerðum af ljósum og flössum.

Mikil áhersla er á frekari þjálfun í stafrænni ljósmyndun, vinnu með myndvinnsluforrit og að vinna myndir fyrir prentun. Nemendur læra að ganga frá ljósmyndum sínum til mismunandi tegundar prentunar og þurfa að þekkja litastjórnunarkerfi, myndvinnsluferli og helstu þætti prentferlisins.

Áhersla er á að nemendur hljóti frekari þjálfun í skapandi myrkraherbergisvinnu, sem og frágangi og uppsetningu á handprentuðum ljósmyndum.

Lögð er áhersla á aukið sjálfstæði nemenda í öllum þessum námsþáttum á þessari seinni önn námsbrautarinnar.

Nemendur halda áfram að tileinka sér aðferðir til að þróa og halda utan um vinnu með hugmyndir og eru krafðir um að nýta sér slíkt verklag í öllu námi við skólann. Þeir læra einnig mynduppbyggingu, skapandi beitingu myndmáls, táknafræði og túlkun myndmáls og fá þjálfun í greiningu og lestri myndverka. Fjallað er um ljósmyndina sem miðil í samhengi við sögu hugmyndaþróunar og stefnur og strauma í listasögu og einnig er nemendum kynnt ólík virkni mismunandi samfélagsmiðla og möguleikar þeirra til kynningar.

Í vinnustofum fá nemendur innsýn í ólíka nálgun á ljósmyndamiðilinn undir handleiðslu gestakennara sem allir eru starfandi ljósmyndarar/listamenn. Þar eru tekin fyrir margs konar verkefni sem tengjast listsköpun og nemendur fá innsýn í mikilvægt hlutverk ljósmyndarinnar í samtímalist.

Alla önnina er áhersla lögð á að hvetja nemendur til þess að nýta sér allar aðferðir og þekkingu til tjáningar með persónulegum áherslum, að nálgast hvert verkefni með skapandi hugsun að leiðarljósi og að ástunda skipuleg vinnubrögð.

Í lok annar gera nemendur verkefni sem samþættir alla námsþætti námsbrautarinnar.

Það er jafnframt þjálfun í ferlinu „frá hugmynd til fullbúins verks“ þar sem hver nemandi vinnur eigið efni til sýningar en undir handleiðslu kennara. Afraksturinn er sýndur á *Uppskeruhátíð* skólans í maí.

Markmið í lok annar:

- Að nemendur hafi hlotið þjálfun í skapandi myrakraherbergisvinnu. Kunnir handbragðið við stækkun á fíberpappír, frágang, lagfæringar og uppsetningu á handstækkuðum ljósmyndum og geti unnið sjálfstætt að þessum þáttum.
- Að nemendur séu færir um að beita mismunandi aðferðum við lýsingu ólíkra verkefna og beitingu mismunandi ljósgjafa við ólíkar aðstæður. Hafi náð góðu valdi á helstu tegundum ljósabúnaðar, geti blandað saman ólíkum ljósgjöfum og skapað mismunandi tegundir lýsinga og andrúmsloft sem henta ólíkum verkefnum og kunnir að nota handflöss. Hafi tileinkað sér skipulögð vinnubrögð við myndatökur í myndveri og á vettvangi og geti unnið sjálfstætt að verkefnum.
- Að nemendur hafi náð góðu valdi á stafrænni ljósmyndun, stafrænni myndvinnslu og notkun myndvinnsluforrits. Einnig að þeir hafi náð góðum tökum á prentun og hafi öðlast þekkingu á helstu þáttum mismunandi prentferlis. Að nemendur séu færir um að vinna sjálfstætt að úrlausn verkefna.
- Að nemendur hafi almenna yfirsýn um þróun myndlistar. Kunnir skil á tengslum ljósmyndarinnar við þá þróun og hafi hlotið innsýn í áhrifamátt ljósmyndarinnar í menningarlegu og sögulegu samhengi.
- Að nemendur geti greint og fjallað um myndverk út frá sögulegu samhengi og hugmyndalegu inntaki.
- Að nemendur hafi náð tökum á aðferðum til að þróa hugmyndir sínar og kynna þær.
- Að nemendur hafi kynnst helstu möguleikum mismunandi samfélagsmiðla til kynningar. Að þeir hafi öðlast þjálfun í því að velja, vinna og birta eigið efni.
- Að nemendur hafi kynnst ólíkum listamönnum, mismunandi hugmyndum, vinnubrögðum og aðferðum og aukið við skilning sinn á fjölpætri notkun ljósmyndamiðilsins til tjáningar og sköpunar. Hafi fengið innsýn í að ljósmyndamiðillinn er notaður á ólíka vegu í samtímamyndlist og að mismunandi fagurfræðileg og hugmyndafræðileg gildi geta legið að baki notkun ljósmyndar sem listmiðils.
- Að nemendur hafi samþætt helstu áherslupætti námsins fyrstu tvær annirnar og hafi undir handleiðslu farið í gegnum ferlið „frá hugmynd til fullbúins verks“. Afrakstur vinnunnar er til sýnis á *Uppskeruhátíð* skólans að vori.

STUD4AL06 Að lesa í og skapa ljós, 2. hluti, 6 Fein

Markmið áfangans er að nemendur hljóti þjálfun í að skapa margbreytilega lýsingu við myndatökur sem hentar ólíkum viðfangsefnum. Farið er yfir mismunandi aðferðir við lýsingu og vinnulag í myndveri sem og á vettvangi. Áhersla er á að nemendur læri að nota ljós við ólíkar aðstæður, að lýsa mismunandi viðfangsefni og læri að blanda saman ólíkum ljósgjöfum. Einnig að þeir nái góðum tókum á notkun flassa sem aðal og auka ljósgjafa, utandyra sem innan. Farið er yfir hvernig slíkar lýsingar eru byggðar upp og fjölbreyttir notkunarmöguleikar þeirra skoðaðir. Nemendur hljóta þjálfun í því að beita handflössum við ólíkar aðstæður og vinna verkefni sem byggja á blöndun flass og umhverfisljóss. Nemendur geta í upphafi sótt sér handleiðslu kennara við hönnun lýsingar á námsverkefnum en stefnt er að því að sjálfstæði í vinnubrögðum aukist eftir því sem líður á áfangann. Kennarar benda á lesefni sem hentar hverjum nemanda og verkefnum hans.

Í lok áfangans eiga nemendur að hafa náð góðu valdi á að nota handflass sem og stúdíóljós, við mismunandi aðstæður og getað stjórnað slíkum ljósum í samspili við mismunandi ljósgjafa. Þeir eiga að hafa náð tókum á notkun á öllum helstu tegundum ljósabúnaðar og blandað saman ólíkum ljósgjöfum og skapað mismunandi tegundir lýsinga sem henta ólíkum verkefnum. Þeir eiga að hafa tileinkað sér skipulögð vinnubrögð við myndatökur í myndveri og á vettvangi og geta unnið sjálfstætt að verkefnum.

Fyrirlestrar/málstofa, hóptímar og vinna undir handleiðslu: 80 stundir.

Eigin verkefnavinna: 64 stundir.

Námsmat: Verkefni og kannanir.

Ráðlagt lesefni:

- **Fancher, Nick:** *Studio Anywhere: A Photographers' Guide to Shooting in Unconventional Locations*. Peachpit Press, Pearson.
- **Gockel, Tilo:** *One Flash!: Great Photography with just one light*. Rocky Nook.
- **Hunter, Fill&Biver, Steven&Fuqua, Paul:** *Light Science&Magic: An Introduction to Photographic Lightning*. Focal Press.

SLFM4SM06 Stafræn ljósmyndun, myndvinnsla og umsýsla gagna, 2. hluti, 6 Fein

Markmið áfangans er að kafa dýpra í stafræna ljósmyndun og myndvinnslu með myndvinnsluforritum. Nemendur halda áfram að læra á hið stafræna myrkraherbergi og að nota verkfærin sem þar bjóðast við vinnslu myndefnis, flokkun og geymslu. Mikil áhersla er á að nemendur æfi frekar litstýringu, litgreiningu og lagfæringu myndefnis ásamt því að læra betur á notkun þess hugbúnaðar og vélbúnaðar sem til þarf. Einnig er farið ítarlegar yfir ýmis hagnýt atriði varðandi undirbúning myndefnis til prentunar af ólíkum toga, m.a. myndvinnslu fyrir prentun í prentsmiðju. Nemendur kynnst hefðbundnu samskiptaferli við prentsmiðjur.

Í lok áfangans eiga nemendur að hafa gott vald á helstu þáttum stafræna myrkraherbergisins og geta unnið því sem næst sjálfstætt að úrlausn verkefna. Þeir eiga að kunna að geyma og flokka stafrænar myndir með skipulögðum hætti, kunna litstýringu, almenna myndvinnslu svo sem samsetningar og lagfæringar á ljósmyndum. Gert er ráð fyrir að nemendur kunni stafræna útprentun, geti staðið skil á rafrænum gögnum fyrir ólíka miðla, þekki helstu þætti prentferlisins og geti undirbúið myndefni sitt til mismunandi gerðar prentunar.

Fyrirlestrar, hóptímar, einkatímar, vinna undir handleiðslu: 80 stundir.

Eigin verkefnavinna: 64 stundir.

Námsmat: Próf og verkefni.

Ráðlagt lesefni:

- **Concepcion, Rafael:** *Adobe Photoshop and Lightroom Classic CC; Classroom in a Book.* Adobe Press.
-

LJÓ4SF02 Svathvít filmuframköllun og stækkun, 2. hluti, 2 Fein

Markmið áfangans er að nemendur hljóti frekari þjálfun í hvers konar skapandi myrkraherbergisvinnu og að þeim aukist sjálfstæði í vinnubrögðum við framköllun og vinnu í myrkraherbergi. Farið er í prentun á fíberpappír, stækkanir og lagfæringar á handprentuðum ljósmyndum. Kenndar eru aðferðir við það hvernig handprentaðar myndir eru meðhöndlaðar, skornar, settar upp á karton, í ramma o.fl. en einnig

kynntar aðferðir við það hvernig ljósmyndir eru blettaðar og tónaðar. Nemendur læra ólíkar aðferðir við að ganga frá verkum sínum. Þeir eru kynntir fyrir notkun 4x5" véla og möguleikunum sem í þeim felast.

Í lok áfangans eiga nemendur að hafa náð auknum tókum á að stækka svarthvítar ljósmyndir og að hafa unnið með fiberpappír. Eins eiga þeir að hafa fengið innsýn í hvernig unnt er að lagfæra handprentaðar ljósmyndir, kynnst ólíkum aðferðum við frágang og uppsetningu ljósmynda og notkun stórformatsvéla.

Fyrirlestrar, hóptímar, einkatímar, vinna undir handleiðslu: 16 stundir.

Eigin vinna: 32 stundir.

Námsmat: Verkefni og vinnubók.

Skyldulesefni:

- **London, Barbara & Upton, John** og fleiri: *Photography*. Pearson.
- **Bartlett, Larry & Tarrant, Jon**: *Black & White: Photographic Printing Workshop*. Silver Pixel Pr.

Ráðlagt lesefni:

- **Adams, Ansel**: *The Negative: Ansel Adams Photography, Book 2*. Ansel Adams.
- **Adams, Ansel**: *The Print: Ansel Adams Photography, Book 3*. Little Brown.
- **Anchell, Steve**: *The Darkroom Cookbook*, Focal Press.
- **Anchell, Steve**: *The Film Developing Cookbook*, Focal Press.
- **Schaefer, John P.**: *The Ansel Adams Guide. Basic Techniques of Photography, Book 1*. Ansel Adams.

LIST4LS02 Listasaga 1. hluti, 2 Fein

Markmið áfangans er að gefa yfirlit yfir þróun heimslistar með áherslu á evrópska myndlist og að rekja þá þróun sem liggur alþjóðlegri myndlist samtímans til grundvallar. Viðfangsefnið er myndlist fyrri alda, frá árdögum og fram á nítjándu öld. Í áfanganum er lögð áhersla á greiningu og lestur myndverka, að fjalla um átök raunsæis og stílfærslu, skoða samhengi listasögu og samfélagsþróunar og hina róttæku endurskoðun myndlistar á nítjándu öld.

Nemendur vinna ljósmynd út frá viðfangsefnum námskeiðsins og skilar hver nemandi 300 orða greinargerð um það verkefni og ritgerð (1.500 orð) um

myndlistarverk að eigin vali.

Kennari leggur fram og vísar á margvíslegt lesefni í upphafi áfanga.

Í lok áfangans eiga nemendur að hafa almenna yfirsýn yfir þróun myndlistar í Evrópu fram til 1900. Skilja mikilvægi endurreisnartímabilsins í myndlistar- og hugmyndasögu Evrópu. Getu fjallað um róttæka endurskoðun í myndlist 19. aldar og sett hana í samhengi við samtímamann. Nemendur þurfa að geta greint og fjallað um myndverk út frá sögulegu samhengi og hugmyndalegu inntaki.

Fyrirlestrar: 15 stundir.

Eigin vinna og gagnaöflun: 33 stundir.

Námsmat: Ritgerð og greinargerð.

Ráðlagt lesefni:

- **Gombirch, E.H.:** *Saga listarinnar*. Mál og menning.

RÝRÆ4RR02 Að rýna og ræða, 2 Fein

Markmið áfangans er að nemendur kynni sér ákveðna fyrirfram valda texta sem allir fjalla um eða snerta ljósmyndamiðilinn á einhvern máta; ritgerðir um kenningar, hugmyndasögu, heimspeki eða ævisögur listamanna. Tilgangurinn er að þjálfu nemendur í að ræða innihald texta, að rökræða og skiptast á skoðunum um þá en ekki síst að hvetja þá til að tengja innihald þessara texta öðrum þáttum námsins.

Í lok áfangans er gert ráð fyrir því að nemendur hafi öðlast þjálfun í að lesa, fjalla um og rökræða ólíka texta sem allir hafa snertiflöt við ljósmyndun.

Málstofa, greinargerð, verkefni: 10 stundir.

Eigin verkefnavinna: 38 stundir.

Námsmat: Verkefni.

Skyldulesefni:

- **Adams, Robert:** *Beauty in Photography*. Aperture.
- **Sontag, Susan:** *On Photography*. Picador.

HUGM4PV02 Aðferðir við listsköpun 2. hluti, 2 Fein

Markmið áfangans er að kynna nemendum aðferðir listsköpun. Áhersla er einkum lögð á að nemendur tileinki sér vinnubrögð við rannsóknarvinnu. Hljóta nemendur þjálfun í rannsóknarvinnu með því að vinna að rannsóknarverkefni undir handleiðslu kennara. Eins hljóta þeir þjálfun í því að útskýra eigin hugmyndir og verkáætlun og þurfa að geta rökstutt úrlausnarleiðir verkefnis.

Í lok áfangans eiga nemendur að hafa náð tökum á því að beita rannsókn sem aðferð við listsköpun. Þeir eiga að hafa hlotið þjálfun í að halda utan um slíka vinnu með skipulögðum hætti, vera færir um að kynna hugmyndir sínar, útskýra uppsprettu þeirra og að færa rök fyrir úrlausnarleiðum.

Fyrirlestrar, málstofur, vinna undir handleiðslu, hóptímar, einkatímar: 20 stundir.

Eigin verkefnavinna: 28 stundir.

Námsmat: Vinnubók, málstofur og verkefni.

Ráðlagt lesefni:

- **Bussard, Katherine A.:** *So The Story goes: Photographs by Tina Barney, Philip-Lorca Dicorcia, Nan Goldin, Sally Mann, and Larry Sultan.* Art Institute of Chicago.
- **Simmons Mike:** *Basics Creative Photography; Making Photographs, Planning, Developing and Creating Original Photography,* Bloomsbury Publishing.

LILI4LL02 Að lifa af í listheiminum, 1. hluti, 2 Fein

Markmið áfangans er að nemendur kynnist grundvallar hugmyndum í markaðsfræði, lykilverkfærum þess að koma sér á framfæri sem listamaður og hljóti þjálfun í því að greina eigin ætlanir og markmið. Þeir fá einnig þjálfun í að beita hugtakum í markaðsfræði og gerð verkáætlana.

Í lok áfangans eiga nemendur að hafa öðlast þekkingu á grundvallar hugmyndum markaðsfræði og gera sér grein fyrir því að til þess að geta unnið markvisst að því að koma sér á framfæri er nauðsynlegt að geina eigin ætlanir og markmið og að gera verkáætlanir.

Námsmat: verkefni, þátttaka

Fyrirlestrar, sýnikennsla, hópvinna: 10 stundir
Eigin verkefnavinna: 38 stundir
Námsmat: einstaklings- og hópverkefni

VINF4VI06 Vinnustofur, 6 Fein

Vinnustofurnar eru ólíkir áfangar sem eru starfsvettvangur nemenda og gestakennara sem allir eru starfandi ljósmyndarar/listamenn. Í vinnustofum eru tekin fyrir verkefni sem tengjast listsköpun; hugmyndavinna, rannsóknir og mismunandi aðferðir og tækni.

Þrjár vinnustofur eru í boði á þessari önn og er hver þeirra 2 Fein.

Kennari í vinnustofu bendir á bækur og ráðleggur um það lesefni sem hentar viðfangsefni hvernar vinnustofu og/eða verkefnum einstakra nemenda.

Markmið áfangans er að að opna augu nemenda fyrir því hvernig nota má ljósmyndun á mismunandi hátt í listrænum tilgangi og að veita þeim þjálfun í skapandi starfi með miðilinn. Enn fremur er markmiðið að ýta undir sköpunarkraft nemenda og að leitast við að opna þeim nýjar leiðir í persónulegri tjáningu.

Í lok áfangans hafa nemendur kynnst því að starfa með ólíkum listamönnum, mismunandi hugmyndum, vinnubrögðum og aðferðum í listsköpun og aukið við skilning sinn á fjölbættri notkun ljósmyndamiðilsins til tjáningar og sköpunar.

Vinnustofurnar geta samanstðið af fyrirlestrum, hóptímum, einkatímum, sýnikennslu, vettvangsferðum og verklegum æfingum: 66 stundir.

Eigin verkefnavinna: 30 stundir.

Námsmat: verkefni og vinnubækur.

LOKA4LV02 Lokaverkefni, 2 Fein

Markmið áfangans er að samþætta alla námsþætti námsbrautarinnar og að gefa nemendum tækifæri til þess að fara í gegnum ferlið frá hugmynd til fullbúins verks með að minnsta kosti eina af hugmyndum sínum. Nemendur vinna undir handleiðslu umsjónarkennara að verkefninu og fær hver nemandi námsefni eftir eðli og áherslum hvers verkefnis.

Í lok áfangans er markmiðið að nemendur hafi rannsakað ferlið „frá hugmynd að verki“ og tekið þátt í *Uppskeruhátíð* skólans með eigin verk.

Fyrirlestrar, vinna undir handleiðslu, hóptímar, einkatímar: 28 stundir.

Eigin verkefnavinna: 20 stundir.

Námsmat: Ástundun og verk á sýningu. Umsögn og einkunn.

NÁMSBRAUT Í SKAPANDI LJÓSMYNDUN 2

Námsbrautin er skipulögð sem framhald af námi á Námsbraut í skapandi ljósmyndun 1 eða sambærilegu námi. Megináherslan í náminu er á áframhaldandi þjálfun þess að beita ljósmyndamiðlinum á fjölþættan hátt til skapandi vinnu. Áhersla er á að þjálfar frekar aðferðir við hugmyndavinnu sem og aðferðir við þróun eigin verkefna með aukið sjálfstæði í vinnubrögðum að leiðarljósi. Nemendum eru kynntar aðferðir til þess að sprengja út viðteknar hugmyndir um ljósmyndina og ljósmyndun og hvattir til að kanna möguleikana handan þeirra marka. Fær hver nemandi aðstoð við að byggja upp möppu sem endurspeglar áherslur viðkomandi.

Áhersla er á að kynna nemendum mikilvægt hlutverk ljósmyndamiðilsins í samtímamyndlist og eru vinnustofur með listamönnum veigamikill hluti námsins á tveimur fyrri önnunum. Þar kynnast nemendur ólíkri nálgun á ljósmyndun sem samtíma listform undir handleiðslu gestakennara sem allir eru starfandi ljósmyndarar/listamenn. Í vinnustofunum eru tekin fyrir fjölþætt verkefni sem tengjast listsköpun, svo sem hugmyndaþróun, hið skapandi ferli, rannsóknir, aðferðir, tækni ýmiss konar sem snerta fjölbreytta birtingarmynd ljósmyndarinnar.

Talsverður hluti námsins snýr að því að dýpka þekkingu nemenda á kenningarlegum og hugmyndafræðilegum þáttum er varða ljósmyndina sem listmiðil á öllum tímum. Kennar eru greinar eins og ljósmynda- og listasaga, nemendur hljóta þjálfun í að fjalla um eigin verk og annarra, að greina ljósmyndir og önnur listaverk og setja í hugmynda- og menningarsögulegt samhengi.

Áhersla er á að kynna nemendum ýmsa hagnýta þætti þess að lifa af í listheimi samtímans. Fá þeir kennslu í markaðsfræði skapandi greina og bókhaldi. Gera ferilskrá, sækja um styrki og þátttöku í ljósmyndasamkeppnum. Sækja um að fá að taka þátt í samsýningu og sækja um sýningarrými. Nemendur leggja fram áætlun um sýningu á eigin verkum í því rými, fá þjálfun í ritun texta um eigin verk og yfirlýsingar listamanna svo nokkuð sé nefnt.

Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér persónulegt verklag og þroski eigin stíl og tjáningu. Markmiðið er að við lok námsins á námsbrautinni verði nemendur færir um persónulega framsetningu á myndverkum af ólíkum toga.

Við námslok skrifa nemendur fræðilega lokaritgerð og standa skil á lokaverkefni fyrir samsýningu útskriftarnemenda.

Nemendur útskrifast með diplóma í skapandi ljósmyndun.

Í lok námsbrautarinnar er gert ráð fyrir að nemendur

- hafi tileinkað sér fagleg vinnubrögð, geti sýnt persónuleg stílbrögð og unnið sjálfstætt að úrlausn verkefna
- séu færir um framsetningu persónulegra myndverka
- hafi kynnst ólíkri nálgun á ljósmyndamiðilinn, fjölbreyttri notkun hans og möguleikum til sköpunar
- þekki helstu áherslur og aðferðir samtímaljósmyndunar, hvað varðar nálgun, úrvinnslu og tengsl við aðra listmiðla
- hafi allgóða yfirsýn yfir þróun myndlistar á 20. öld, stöðu samtímamyndlistar og sé þar ljóst mikilvægt hlutverk nýrra miðla, s.s. ljósmyndunar
- hafi hlotið þjálfun í að vinna hugmynda- og rannsóknarvinnu
- hafi rannsakað eigin ætlanir og markmið með notkun miðilsins
- geti sett fram sannfærandi verkáætlun um hvernig þeir hyggjast ná markmiðum sínum, kynnt niðurstöðuna með sjónrænum hætti og fært rök fyrir henni
- hafi öðlast færni í að fjalla um hugmyndir sínar og verk og setja í hugmyndafræðilegt samhengi
- hafi fengið nokkra innsýn í virkni listheimsins, gert ferilskrá og hlotið m.a. þjálfun í að sækja um styrki, sýningar og sýningarrými
- geti lagt fram áætlun um einkasýningu í tilteknu sýningarrými, efnistöð, uppsetningu og fjármögnun
- hafi rannsakað mismunandi samfélagsmiðla, fengið yfirsýn yfir möguleika sem felast í notkun þeirra til kynningar og hlotið þjálfun í að safna og vinna efni og birta það til kynningar á verkum sínum
- hlotið innsýn í það ferli sem liggur að baki sýningarundirbúningi og uppsetningu sýningar
- hafi öðlast færni í að greina ljósmyndir út frá félagslegu og menningarlegu samhengi og hlotið þjálfun í að koma niðurstöðum sínum á framfæri
- hafi lokið við gerð vinnubókar sem endurspeglar persónulegar áherslur í ljósmyndun
- hafi staðið skil á lokaritgerð og lokaverkefni á samsýningu útskriftarnema.

1. önn 30 Fein

720 námsstundir. Fyrirlestrar, sýnikennsla, vettvangsferðir, vinnustofur, hóptímar, einkatímar og sjálfstæð vinna undir handleiðslu, 368 stundir. Eigin vinna 352 stundir.

Helstu námsþættir og áherslur

Á önninni eru nemendur eindregið hvattir til að nýta námsverkefni til tilraunamennsku og að nálgast hvert viðfangsefni úr mismunandi áttum. Nemendum eru kynntar aðferðir til þess að sprengja út viðteknar hugmyndir um ljósmyndina og ljósmyndun og til að kanna í framhaldinu möguleikana handan þeirra marka.

Nemendur öðlast frekari þekkingu á hinu margþætta eðli ljósmyndarinnar, þjálfaræni sína í því að greina ljósmyndir og í að koma niðurstöðum sínum á framfæri.

Í listfræðilegum þætti náms er fjallað er um myndlist 20. og 21. aldar, tilkomu framúrstefnulistar og þróun samtímalistar með áherslu á tengingu við íslenska myndlist og mikilvægi nýrra miðla í samtímalist. Í vinnustofum kynnast nemendur mismunandi nálgun á ljósmyndun sem listræna sköpun undir handleiðslu gestakennara sem allir eru starfandi ljósmyndarar/listamenn. Þar eru tekin fyrir fjölþætt verkefni sem tengjast listsköpun og endurspeglar fjölbreytta birtingarmynd ljósmyndarinnar í samtímalist.

Áhersla er á að kynna nemendum hagnýta þætti er varða það að lifa og starfa í líshéimnum eins og að gera ferilskrá, sækja um styrki og að fá að taka þátt í sýningum en einnig að kynna hugmyndir sínar og verk, jafnt munnlega sem skriflega.

Einnig fá nemendur aðstoð varðandi það að ná tökum á persónulegum stíl við úrlausn verkefna í stafrænni myndvinnslu og prentun.

Markmiðið í lok annar

- Að nemendur hafi kynnst ólíkri nálgun á ljósmyndamiðilinn, fjölbreyttri notkun hans og möguleikum til sköpunar.
- Að nemendum hafi aukist sjálfstæði í vinnubrögðum og séu byrjaðir að þróa með sér persónulega nálgun á miðilinn.
- Að nemendur hafi gott vald á helstu þáttum stafræna myrkraherbergisins, geti sýnt persónuleg stílbrögð og unnið sjálfstætt að úrlausn verkefna.
- Að nemendur hafi allgóða yfirsýn yfir þróun myndlistar á 20. öld, stöðu

- samtímamyndlistar og sé þar ljóst mikilvægt hlutverk nýrra miðla.
- Að nemendur hafi hlotið þjálfun í hugmyndaþróun og rannsóknarvinnu.
 - Að nemendur geti kynnt og rökstutt hugmyndir sínar og úrlausnir með sannfærandi hætti.
 - Að nemendur hafi öðlast færni í að greina ljósmyndir og ljósmyndaverk, og hafi hlotið þjálfun í að koma niðurstöðum sínum á framfæri.
 - Að nemendur hafi fengið nokkra innsýn í virkni listheimsins og hlotið þjálfun í hagnýtum þáttum þess að lifa af í listheiminum, s.s. gerð ferilskrár, sölu verka, umsóknarferli varðandi styrki og annað er gagnast starfandi listamanni.
 - Að nemendur hafi rannsakað eigin ætlanir og markmið, skoðað mismunandi tegundir samfélagsmiðla og fengið allgóða yfirsýn yfir möguleikana sem felast í notkun þeirra til kynningar.
 - Að nemendur hafi kynnst aðferðum til þess að sprengja út viðteknar hugmyndir um ljósmyndina og ljósmyndun og kannað möguleikana handan þeirra marka.
 - Að nemendur hafi kynnst ólíkum listamönnum, mismunandi hugmyndum, vinnubrögðum og aðferðum og aukið við skilning sinn á fjölpættri notkun ljósmyndamiðilsins til tjáningar og sköpunar.
 - Að nemendur þekki hvernig ljósmyndamiðillinn er notaður á ólíka vegu í samtímamyndlist og hvernig mismunandi fagurfræðileg og hugmyndafræðileg gildi geta legið að baki notkun ljósmyndar sem listmiðils.

SLMV4SM02 Stafræn ljósmyndun, stafræn myndvinnsla, 3. hluti, 2 Fein

Markmið áfangans er að auka nemendum enn frekar sjálfstæði í stafrænni myndvinnslu og prentun og að aðstoða þá við að ná tókum á persónulegum stíl. Kennsla fer að mestu leyti fram með einkatímum og handleiðslu í tölvuveri.

Í lok áfangans eiga nemendur að hafa gott vald á helstu þáttum stafræna myrkraherbergisins, geta sýnt persónuleg stílbrögð og unnið sjálfstætt að úrlausn verkefna. Kennari bendir nemendum á lesefni sem hentar verkefnum og áherslum.

Einkatímar, vinna undir handleiðslu: 15 stundir.

Eigin vinna: 33 stundir.

Námsmat: verkefni.

LIST04LI02 Listasaga 2. hluti, 2 Fein

Markmið áfangans er að fjalla um myndlist 20. og 21. aldar og endurskoðun

listamanna á hugmyndafræði og nálgun myndlistar. Fjallað verður um tilkomu framúrstefnulistar og mikilvægi hennar í þróun samtímalistar. Enn fremur um þróun samtímalistar í ýmsum löndum með áherslu á tengingu við íslenska myndlist. Áherslan er á að draga fram mikilvægi nýrra miðla í samtímalist t.d. ljósmynda, kvikmynda, hljóðlistar, tölva, o.s.frv.. Nemendur vinna skriflegt rannsóknarverkefni (1.500 orð) um valið myndlistarverk og hver nemandi vinnur einnig ljósmynd út frá viðfangsefnum námskeiðisins og skilar um verkið 300 orða greinargerð.

Í lok áfangans eiga nemendur að hafa almenna yfirsýn yfir þróun myndlistar á 20. öld og stöðu hennar á 21. öld. Eiga að skilja og geta fjallað um framúrstefnulist 20. aldar og greint frá helstu áhrifum hennar á samtímalist. Þeir þurfa að geta fjallað um þátt nýrra miðla í þróun myndlistar 20. aldar og að skilja mikilvægi þeirrar þróunar. Ætlast er til að nemendur geti unnið sjálfstæð verk út frá hugmyndum samtímamyndlistar og fjallað um þau í því samhengi.

Fyrirlestrar, vettvangsferð: 15 stundir.

Eigin vinna og gagnaöflun: 33 stundir.

Námsmat: Ritgerð, greinargerð og ljósmyndaverkefni.

Skyldulesefni:

- **Archer, Michael.** *Art since 1960.* World of Art. 3. útgáfa. London: Thames & Hudson.

Ráðlagt lesefni:

- **David Cottington,** *Modern Art: A Very Short Introduction,* Oxford & New York: Oxford University Press.

RÝRÆ4RR02 Að rýna og ræða, 2 Fein

Markmið áfangans er að þjálfna nemendur í að greina og ræða innihald texta og að skiptast á skoðunum um þá en ekki síst eru nemendur hvattir til að tengja innihald þeirra öðrum þáttum námsins. Nemendur þurfa að kynna sér fyrirfram valda texta sem allir fjalla um eða snerta ljósmyndamiðilinn á einhvern máta; ritgerðir um kenningar, hugmyndasögu, heimspeki eða ævisögur listamanna. Í kennslustundum eru þessir textar lagði til grundvallar umfjöllun og umræðum.

Í lok áfangans er gert ráð fyrir því að nemendur hafi öðlast þjálfun í að lesa, fjalla

um og rökræða ólíka texta sem allir hafa snertflöt við ljósmyndun.

Málstofa, greinargerð, verkefni: 10 stundir.

Eigin verkefnavinna: 38 stundir.

Námsmat: Verkefni.

Skyldulesefni:

- **Adams, Robert:** *Why People Photograph*. Aperture.
- **Mann, Sally:** *Hold Still: A Memoir with Photographs*. Little Brown and Company.

HUGM4LT07 Aðferðir við listsköpun 3. hluti, 7 Fein

Markmið áfangans er að kynna nemendum mismunandi nálgun á listsköpun; að láta hugmyndir leiða áfram til tiltekinni niðurstöðu og að vinna innan ramma yfirlýsinga eða verkreglna sem settar hafa verið fyrirfram. Nemendur fá þjálfun í ólíkum aðferðum í gegnum verkefnavinnu undir handleiðslu kennara.

Einnig er skoðað hvernig sýningarrými/listsýningar eru vettvangur fyrir miðlun frásagna af ýmsu tagi og vinna nemendur verkefni þar að lútandi.

Í lok áfangans eiga nemendur að hafa fengið þjálfun í mismunandi aðferðum við listsköpun og hafa öðlast skilning á því að verkefni kunna að krefjast mismunandi nálgunar. Þeir eiga einnig að hafa kannað á hvern hátt vinnuaðferð eða birtingarmáti verks getur verið hluti, merkingar eða túlkunar.

Fyrirlestrar, verkefni og æfingar, vinna undir handleiðslu og einkatímar: 78 stundir.

Eigin verkefnavinna: 90 stundir.

Námsmat: Verkefni.

Ráðlagt lesefni:

- **Bright, Susan:** *Art Photography Now*, Thames&Hudson.
- **Caruana, Natasha&Fox Anna:** *Basics Creative Photography 03: Behind the Image; Research in Photography*. AVA Publishing.
- **Cotton, Charlotte:** *The Photograph as Contemporary Art*. Thames&Hudson
- **Short, Maria:** *Basics Creative Photography 02: Context and Narrative*. AVA Publishing.

LILI4LL06 Að lifa af í listheiminum, 2. hluti, 6 Fein

Markmið áfangans er lögð áhersla á að nemendur fái kynningu á virkni listheimsins og hvernig það er að starfa innan hans. Þeir fá markvissa þjálfun í ýmsum hagnýtum þáttum s.s. gerð ferilskrár (CV) og ritun yfirlýsinga. Fjallað er um starfsumhverfi listamannsins, sölu á myndum, höfundarrétt fagfélög og nemendum kynntar helstu stofnanir listheimsins s.s. söfn, gallerí, hátíðir og messur. Þeir fá þjálfun í því að sækja um sýningar, styrki og að leggja fram verk í samkeppni. Í áfanganum er farið í heimsóknir í liststofnanir. Nemendur fá þjálfun í að gera greinagerðir og í að tjá sig um eigin verk og hugmyndir.

Í lok áfangans eiga nemendur að hafa fengið nokkra innsýn í virkni listheimsins og hlotið þjálfun í að sækja um styrki, samkeppnir, sýningar og gera ferilskrá. Þeir eiga að hafa rannsakað eigin ætlanir og markmið og hlotið þjálfun í að kynna hugmyndir sína og verk, bæði skriflega og munnlega.

Fyrirlestrar, sýnikennsla, hópvinna, vettvangsferðir: 80 stundir.

Eigin verkefnavinna: 64 stundir.

Námsmat: Verkefni.

Ráðlagt lesefni:

- **Volk, Larry:** *No Plastic Sleeves: The Complete Portfolio Guide for Photographers and Designers.* Focal Press

LJÓB4LB02 Ljósmyndabókin, 2 Fein

Markmið áfangans er að kynna nemendum ljósmyndabækur sem listform og það ferli liggur þeim að baki. Nemendur fá yfirlit yfir sögu miðilsins, kynnast birtingarmynd ljósmyndarinnar í bókverkum af ólíkum toga og mikilvægi bókverksins sem listforms í samtímanum. Þeir fá þjálfun í að skoða slík verk og greina. Fá innsýn í mikilvæga listræna og hagnýta þætti er varða bókagerð eins og val á efni, hönnun, prentun og mismunandi útgáfuform.

Markmið áfangans er ekki síst að efla gagnrýna hugsun nemenda og að kynna þeim þá skapandi möguleika sem í miðlinum felast.

Í lok áfangans er stefnt að því að nemendur hafi all nokkra þekkingu á mismunandi tegundum ljósmyndabóka, hafi öðlast yfirsýn yfir sögu miðilsins, séu meðvitaðir um stöðu bókverka í listumhverfi samtímans. Eins er markmiðið að nemendur þekki

helstu þætti vinnuferlisins að baki bókverkum og hafi kynnst mismunandi leiðum við útgáfu.

Fyrirlestrar, vinna undir handleiðslu: 30 stundir.

Eigin verkefnavinna: 18 stundir.

Námsmat: Verkefni.

Ráðlagt lesefni:

- **Martin Parr & Gerry Badger:** *The Photobook: A History - Volume 1, Volume 2, Volume 3.* Phaidon.
- **Gerry Badger:** *The Pleasures of Good Photographs.* Aperture.
- **Jörg Colberg:** *Understanding Photobooks.* Focal Press.

VINF4VI09 Vinnustofur, 9 Fein

Vinnustofurnar eru starfsvettvangur nemenda og gestakennara sem allir eru starfandi ljósmyndarar/listamenn. Í vinnustofum eru tekin fyrir verkefni sem tengjast listsköpun, s.s. hugmyndavinna, rannsóknir og mismunandi aðferðir og tækni. Nemendur fá tækifæri til að kynnst ólíkum listamönnum/ljósmyndurum, vinnubrögðum þeirra, aðferðum og hugmyndum. Í áfanganum vinna nemendur að eigin rannsóknar- og ljósmyndaverkefnum undir handleiðslu gestakennaranna. Kennslan er fjölþætt; fyrirlestrar, sýnikennsla, verklegar æfingar, verkefni, vettvangsferðir, málstofur og samtal nemenda og kennara.

Þrjár vinnustofur falla undir þennan áfanga og er hver þeirra 3 Fein.

Kennari í vinnustofu bendir á bækur og ráðleggur um lesefni sem hentar viðfangsefni hvernar vinnustofu og/eða verkefnum einstakra nemenda.

Markmið áfangans er að að opna augu nemenda fyrir því hvernig nota má ljósmyndun á mismunandi hátt í listrænum tilgangi og að veita þeim þjálfun í skapandi starfi með miðilinn. Enn fremur er markmiðið að ýta undir sköpunarkraft nemenda og að leitast við að opna þeim leiðir í persónulegri tjáningu.

Í lok áfangans hafa nemendur kynnst því að starfa með ólíkum listamönnum, hafa kynnst mismunandi hugmyndum, vinnubrögðum og aðferðum í listsköpun og aukið við skilning sinn á fjölþætri notkun ljósmyndamiðilsins til tjáningar og sköpunar.

Í vinnustofum eru mismunandi áherslur en þær geta samanstæðið af fyrirlestrum, hóptímum, einkatímum, sýnikennslu, vettvangsferðum og verklegum æfingum: 140

stundir.

Eigin verkefnavinna: 76 stundir.

Námsmat: verkefni og vinnubækur.

2. önn 30 Fein

720 námsstundir. Fyrirlestrar/málstofa, vettvangsferðir, sjálfstæð vinna undir handleiðslu 341 stundir. Eigin verkefnavinna 379 stundir.

Helstu námsþættir og áherslur

Megin áhersla námsins á þessari önn er á að nemendur öðlist enn frekari leikni í að beita ljósmyndamiðlinum á fjölþættan hátt til skapandi vinnu. Undir lok annar er gert ráð fyrir að nemendur hafi náð að skýra markmið sín með notkun miðilsins og séu komnir áleiðis í því að þróa með sér persónulega framsetningu á myndverkum af ólíku tagi. Einnig þurfa þeir að geta sett fram sannfærandi verkáætlun um hvernig þeir hyggjast ná markmiðum sínum.

Margþætt eðli ljósmyndarinnar og ólíkar birtingarmyndir hennar eru skoðaðar og þau fagurfræðilegu og hugmyndafræðilegu gildi sem hvorutveggja móta miðilinn og taka breytingum vegna hans. Nemendur fá æfingu í að greina ljósmyndir og ljósmyndaverk og setja í margvíslegt samhengi.

Nemendur fá aðstoð við að setja saman möppu og við að meta hvað upp á vantar af efni til að þeir nái markmiðum sínum. Við annarlök kynna nemendur möppu sína fyrir samnemendum og kennurum.

Nemendur læra ýmis hagnýt atriði varðandi stofnun, markaðssetningu og rekstur fyrirtækis í skapandi atvinnugreinum, meðal annars bókhald og gerð markaðsáætlana. Hver nemandi leggur fram tillögu að einkasýningu, þarf að geta rökstutt val mynda og efnistöku og að sækja um sýningarrými fyrir þá einkasýningu. Nemendur starfa áfram með listamönnum í vinnustofum, þar sem tekin eru fyrir verkefni er tengjast listsköpun. Kynnast þeir þar meðal annars helstu meginstraumum í listrænni samtímaljósmyndun í íslensku og erlendu samhengi.

Fyrir lok annar leggur hver nemandi fram drög að lokaverkefni sínu á 3. önn. Jafnframt skilar hann drögum að væntanlegum efnistöku fræðilegrar lokaritgerðar 3. annar.

Markmið í lok annar

- Að nemendur hafi öðlast leikni í að beita ljósmyndamiðlinum á fjölþættan hátt til skapandi vinnu. Hafi náð að skýra markmið sín með notkun miðilsins og séu komnir áleiðis í því að þróa með sér persónulega framsetningu á myndverkum af ólíku tagi.
- Að nemendur þekki helstu áherslur og aðferðir samtímaljósmyndunar, hvað varðar nálgun, úrvinnslu og tengsl við aðra listmiðla. Þekki einnig helstu

- meginstrauma í listrænni samtímaljósmyndun í íslensku og erlendu samhengi.
- Að nemendur hafi öðlast færni í að greina ljósmyndir út frá félagslegu og menningarlegu samhengi, og hafi hlotið nokkra þjálfun í að koma niðurstöðum sínum á framfæri.
 - Að hver nemandi hafi lokið gerð möppu.
 - Að nemendur hafi fengið innsýn í hagnýta þætti er varða rekstur í skapandi greinum, s.s. bókhald og gerð markaðsáætlunar og þjálfun í þeim þáttum.
 - Að hver nemandi geti lagt fram hugmynd að lítilli einkasýningu í til og dæmi um hvernig hann hyggst háttu uppsetningu hennar og kynningu.
 - Að nemendur hafi í lok annar lagt fram drög að lokaverkefni 3. annar og geti sett fram sannfærandi verkáætlun um hvernig þeir hyggjast ná markmiðum sínum.
 - Að hver nemandi hafi lagt fram stutt ágríp af áætluðum efnistöku ritgerðarverkefnis sem skilað er á 3. önn.

LJSA4SS02 Ljósmyndasaga, 2. hluti. Stefnur og straumar í samtímaljósmyndun, 2 Fein

Markmið áfangans er að kynna nemendum helstu meginstrauma í listrænni samtímaljósmyndun. Einkum er horft til þriggja síðustu áratuga og alþjóðlegra hræringa en einnig eru tekin dæmi af íslenskri listsköpun með ljósmyndamiðlinum. Nemendur kynnst helstu birtingarmyndum samtímaljósmyndunar og þeim leiðum sem listamönnum eru færar til að kynna og birta verk sín.

Í lok áfangans eiga nemendur að þekkja helstu áherslur, aðferðir og nálgun í samtímaljósmyndun og tengingar við aðra listmiðla á heimsvísu eins þurfa þeir að geta nefnt dæmi um tengingar við listheim samtímans á Íslandi. Nemendur skrifa ritgerð um tvo listamenn að eigin vali. Auk skyldulesefnis vísar kennari á ítarefni í upphafi áfangans.

Fyrirlestrar: 20 stundir.

Eigin vinna: 28 stundir.

Námsmat: Ritgerð.

Skyldulesefni:

- **Cotton, Charlotte:** *The Photograph as Contemporary Art.* Thames&Hudson.

HUGM4HP03 Aðferðir við listsköpun - listheimspeki, 3 Fein

Markmið áfangans er að gefa yfirlit yfir nokkur sígild viðfangsefni í heimspeki lista og eins er gerð grein fyrir kenningum í heimspeki sem hafa verið áhrifamiklar á sviði lista undanfarna áratugi. Varpað er ljósi á sögulegar forsendur þeirra innan listheimspeki og fagurfræði. Rædd verða hugtök, hugmyndir, kenningar, algengar spurningar og rökfærslur á sviði listheimspeki og sjónum beint að listaverkum þar sem greina má snertiflöt á milli heimspekinga og listamanna. Áhersla er lögð á umræður um efni valinna texta sem og áfangans í heild. Hljóta nemendur þjálfun í greiningu og umræðu um listheimspekileg efni, í sögulegu og samtímalegu samhengi.

Einnig vinna nemendur áfram að hugmyndaþróun eigin verkefna og í lok annar leggur hver nemandi fram greinargerð þar sem fram kemur val og afmörkun á lokaverkefni 3. annar. Eins stutt ágríp af efni og fyrirhuguðum efnistöfum lokaritgerðar.

Í

Í lok áfangans eiga nemendur að hafa þekkingu á nokkrum sígildum viðfangsefnum listheimspekinnar. Hafa skilning á helstu hugmyndum, hugtökum og rökfærslum í völdum textum á sviði listheimspeki. Hafa náð færni í því að geta borið saman og rætt valdar grundvallar listheimspekikenningar og miðlað niðurstöðu sinni munnlega og skriflega.

Þeir eiga einnig að hafa valið áherslur lokaverkefnis og lagt fram ágríp af fyrirhuguðu efni lokaritgerðar.

Fyrirlestrar, málstofur: 20 stundir.

Eigin verkefnavinna: 52 stundir.

Námsmat:, Verkefni, greinargerð um væntanlegt lokaverkefni og verkáætlun fyrir lokaritgerð.

Ráðlagt lesefni:

- **Bright, Susan:** *Art Photography Now*, Thames&Hudson..
- **Cotton, Charlotte:** *The Photograph as Contemporary Art*. Thames&Hudson.

RÝRÆ4RR02 Að rýna og ræða, 2 Fein

Markmið áfangans er að þjálfva nemendur í að ræða innihald texta, að rökræða og skiptast á skoðunum um þá en ekki síst að hvetja þá til að tengja innihald þessara

texta öðrum þáttum námsins. Nemendur kynna sér tiltekna fyrirfram valda texta sem allir fjalla um eða snerta ljósmyndamiðilinn á einhvern máta, s.s. ritgerðir um kenningar, hugmyndasögu, heimspeki eða ævisögur merkra listamanna. Í kennslustundum eru þessir textar lagðir til grundvallar umfjöllun og umræðum.

Í lok áfangans er gert ráð fyrir því að nemendur hafi öðlast þjálfun í að lesa, fjalla um og rökræða ólíka texta sem allir hafa snertiflöt við ljósmyndun og styrkt með því móti hugmyndalegan grunn verkefna sinna.

Málstofa, greinargerð, verkefni: 10 stundir.

Eigin verkefnavinna: 38 stundir.

Námsmat: Verkefni.

Skyldulesefni:

- **Geoff Dyer:** *The Ongoing Moment, Vintage*
- **Sigrún Sigurðardóttir:** *Afturgöngur og afskipti af sannleikanum.* Þjóðminjasafn Íslands.

LILI4LL09 Að lifa af í listheiminum, 3. hluti, 9 Fein

Markmið áfangans er að nemandinn fái innsýn í virkni listheimsins og að starfa innan hans. Farið er í hagnýt atriði varðandi sýningar og sýningarundirbúning eins og val á verkum fyrir sýningar. Í áfanganum vinna nemendur drög að lítilli einkasýningu í sjálfstæðu sýningarrými. Nemendur fá aðstoð við að þróa eigin möppu sem endurspeglar áherslur og hæfni viðkomandi. Heldur hver nemandi kynningu á möppunni fyrir kennara og samnemendur. Ennfremur fá nemendur æfingu í því að tjá sig um verk sín, ætlanir og markmið, munnlega og skriflega. Nemendur læra hagnýt atriði við stofnun, markaðssetningu og rekstur fyrirtækis í skapandi atvinnugreinum þar sem áhersla er á mikilvægi þess að skilgreina sérstöðu fyrirtækisins og vörur. Einnig er fjallað um þætti eins og verðlagningu á vöru, samskipti við viðskiptavini, fjölmiðla og höfundarrétt. Áhersla er lögð á að kenna gerð markaðs-, auglýsinga- og framkvæmdaáætlana og hvernig standa ber að kynningu, fjármögnun og verðlagningu verkefna. Nemendur fá kennslu í grundvallaratriðum bókhalds og annars þess er lýtur að daglegum rekstri fyrirtækja. Nemendur fá kynningu á heimasíðugerð og aðstoð við val og framsetningu efnis á eigin heimasíðu.

Nokkrir kennarar skipta með sér kennslu í áfanganum og benda á námsefni sem hæfir hverjum nemanda og verkefnum hans.

Í lok áfangans eiga nemendur að hafa hlotið breiða innsýn í það hvernig listheimurinn virkar og að vera undirbúnir til þess að starfa innan hans. Nemendur eiga að þekkja helstu þætti í því ferli sem sýningarundirbúningur er og að vera tilbúnir með drög að eigin einkasýningu. Hver nemendi þarf að hafa unnið vinnubók sem endurspeglar persónulegar áherslur og kynnt hana fyrir kennurum og samnemendum. Nemendur eiga að hafa fengið innsýn í grundvallarhugmyndir hagnýtrar markaðsfræði og bókhalds og kunna skil á þeim þáttum sem mikilvægir eru fyrir rekstur eigin fyrirtækis. Þeir eiga að vera í stakk búnir til að útbúa efni fyrir eigin heimasíðu.

Fyrirlestrar, umræðutímar, vinna undir handleiðslu, hóptímar og einkatímar: 100 stundir.

Eigin vinna: 116 stundir.

Námsmat: Verkefni.

Ráðlagt lesefni:

- **Bright, Susan:** *Art Photography Now*, Thames&Hudson.
- **Caruana, Natasha&Fox Anna:** *Basics Creative Photography 03: Behind the Image; Research in Photography*. AVA Publishing.
- **Cotton, Charlotte:** *The Photograph as Contemporary Art*. Thames&Hudson.
- **Short, Maria:** *Basics Creative Photography 02: Context and Narrative*. AVA Publishing.
- **Read, Shirley&Simmons, Mike:** *Photographers and Research: The Role of Research in Contemporary Photographic Practice*, Focal Press.
- **Volk, Larry:** *No Plastic Sleeves: The Complete Portfolio Guide for Photographers and Designers*. Focal Press.

RÝNI4RG02 Að rýna til gagns, 2 Fein

Markmið áfangans er að nemendur kynnist, hinu margþætta eðli ljósmyndarinnar, ólíkum birtingarmyndum hennar og þeim áhrifum sem ljósmyndamiðillinn hefur. Einnig er áhersla á að kynna þeim hin fagurfræðilegu og hugmyndafræðilegu gildi sem hvorutveggja móta miðilinn og taka breytingum vegna hans. Í áfanganum eru þessir þættir meðal annars skoðaðir í gegnum verk ólíkra ljósmyndara og verk nemenda. Fá þeir æfingu í að greina ljósmyndir og ljósmyndaverk á grundvelli sögulegra, menningarlegra og táknfræðilegra aðferða við túlkun og í því að kynna

niðurstöður sínar fyrir öðrum. Þurfa þeir meðal annars að beita aðferðunum á eigin verk í vinnslu. Í áfanganum er leitast við að skapa vettvang fyrir nemendur til að taka þátt í gagnrýninni og líflegri umræðu um ljósmyndun sem hefur marga snertifleti, meðal annars við þeirra eigin verk.

Í lok áfangans er markmiðið að nemendur hafi hlotið nokkra yfirsýn yfir marþætt eðli ljósmyndarinnar og hafi öðlast færni í að greina ljósmyndir, og þjálfun í koma niðurstöðum sínum á framfæri.

Fyrirlestrar, umræður, verkefni: 30 stundir.

Eigin verkefnavinna: 18 stundir.

Námsmat: Verkefni.

Ráðlagt lesefni:

- **Badger, Gerry:** *The Pleasure of Good Photographs*. Aperture.
- **Berger, John:** *Understanding a Photograph*. Aperture
- **Strauss, David&Berger, John:** *Between the Eyes: Essays on Photography and Politics*. Aperture

VINF4VI12 Vinnustofur, 12 Fein

Vinnustofurnar eru starfsvettvangur nemenda og gestakennara sem allir eru starfandi ljósmyndarar/listamenn og vinna þeir með nemendum í afmarkaðan tíma. Í vinnustofum eru tekin fyrir verkefni sem tengjast listsköpun; hugmyndavinna, rannsóknir og mismunandi aðferðir og tækni.

Þrjár vinnustofur eru undir þessum áfanga er hver þeirra er 4 Fein.

Kennari í vinnustofu bendir á bækur og ráðleggur um það lesefni sem hentar viðfangsefni hvernar vinnustofu og/eða verkefnum einstakra nemenda.

Markmið áfangans er að að opna augu nemenda fyrir því hvernig nota má ljósmyndun á mismunandi hátt í listrænum tilgangi og að veita þeim þjálfun í skapandi starfi með miðilinn. Enn fremur að ýta undir sköpunarkraft nemenda og að leitast við að opna þeim leiðir í persónulegri tjáningu. Margs konar verkefni sem öll tengjast listsköpun eru tekin fyrir í vinnustofum, s.s. hugmyndavinna, rannsóknir, aðferðir og tækni. Nemendur kynnast ólíkum listamönnum/ljósmyndurum, vinnubrögðum þeirra, aðferðum og hugmyndum. Nemendur vinna í áfanganum að eigin rannsóknar- og ljósmyndaverkefnum undir þeirra handleiðslu. Kennslan er fjölbætt; fyrirlestrar, sýnikennsla, verklegar æfingar verkefni, vettvangsferðir,

málstofur og samtal nemenda og kennara. Kennarar leggja fram ýmis kennslugögn og gefa ábendingar um lesefni sem hentar einstökum verkefnum.

Í lok áfangans hafa nemendur fengið tækifæri til að kynnst ólíkum hugmyndum, aðferðum og mismunandi notkun ljósmyndamiðilsins. Þeir hafa notið handleiðslu ólíkra listamanna við fjölbreytta verkefnavinnu, kynnst mismunandi hugmyndum, vinnubrögðum og aðferðum í listsköpun og aukið við skilning sinn á fjölpætri notkun ljósmyndamiðilsins í samtímalist.

Vinnustofurnar eru fjölbreyttar og geta samanstaðið af eftirfarandi þáttum: fyrirlestrum, hóptímum, einkatímum, sýnikennslu, vinnu undir handleiðslu, vettvangsferðum og ýmsum verklegum æfingum: 169 stundir.

Eigin verkefnavinna: 119 stundir.

Námsmat: verkefni og skrifleg umsögn.

3. önn 30 Fein

720 námsstundir. Fyrirlestrar 25 stundir. Sjálfstæð verkefnavinna og vinna undir handleiðslu, 695 stundir.

Helstu námsþættir og áherslur

Á þessari önn leggja nemendur lokahönd á það verkefni að byggja upp feril sem skapandi listamenn. Megináherslan er alla önnina á sjálfstæða vinnu nemenda og vinnu þeirra undir handleiðslu kennara og leiðbeinenda. Skilar hver nemandi verki eða verkum á samsýningu nemenda í lok annar. Einnig skrifa nemendur fræðilega ritgerð og vinna að kynningarefni fyrir samsýningu nemenda. Hver nemandi stendur einnig skil á ritun kynningarefnis um eigin verk.

Um miðja önn leggja nemendur vinnu sína fyrir rýninefnd og útskýra hugmyndir sínar og ætlanir. Rýninefndin gefur ábendingar um úrlausnir, kemur með hugmyndir og gefur umsögn á grundvelli kynningarinnar og þeirra gagna sem nemandinn hefur lagt fram máli sínu til stuðnings. Rýninefnd metur lokaverkefni uppsett á sýningarstað.

Markmið í lok annar

- Að nemendur séu færir um framsetningu persónulegra myndverka.
- Að nemendur hafi staðið skil á lokaverkefni ásamt sýningu nemenda.
- Að nemendur hafi staðið skil á efni til kynningar á samsýningu nemenda, ásamt efni til kynningar á eigin verkum.
- Að nemendur geti fjallað um inntak og efnistöð eigin lokaverkefnis.
- Að nemendur geti fjallað um inntak lokaverkefna annarra nemenda á lokaönn.
- Að nemendur hafi staðið skil á fræðilegri lokaritgerð.
- Að nemendur séu sjálfstæðir í vinnubrögðum og búi yfir gagnrýnni vitund um verkefni sín og úrlausnarleiðir.
- Að nemendur geti í skrifum og umræðum beitt greinandi aðferðum á verk sín og annarra og sett í mismunandi hugmyndafræðilegt samhengi.
- Að nemendur hafi hlotið innsýn í almennan sýningarundirbúning, átti sig á mikilvægi skipulags, ólíkum leiðum í uppsetningu verka, möguleikum sem felast í mismunandi rými og öðrum hagnýtum þáttum varðandi sýningarundirbúning og uppsetningu sýninga.

LILI4LL07 Að lifa af í listheiminum, 4. hluti, 7 Fein

Markmið áfangans er að nemendur þjálfist í hagnýtum þáttum er lúta að sýningarhaldi og sýningarundirbúningi, fái æfingu í að tjá sig um eigin verk og áherslur, bæði munnlega og skriflega. Einnig þurfa nemendur að geta fjallað um verk samnemenda sinna með sannfærandi hætti. Nemendur vinna undir handleiðslu að undirbúningi samsýningar útskriftarnemenda í lok annar, útbúa sameignlegt kynningarefni, bæði texta og myndir til nota í mismunandi miðlum.

Kappkostað er að gefa nemendum aukna innsýn í það að starfa í listheiminum með heimsóknnum og fyrirlestrum frá starfandi listamönnum.

Í lok áfangans hafa nemendur farið í gegnum ýmsa hagnýta þætti í undirbúningi samsýningar nemenda. Unnið kynninarefni um samsýninguna jafnt og eign verk og gert áætlun um kynningu á viðburðinum.

Fyrirlestrar, umræðutímar, sýnikennsla, vinna undir handleiðslu, hóptímar, einkatímar: 60 stundir.

Eigin vinna: 108 stundir.

Námsmat: Verkefni, dagbók, þátttaka í tímum.

RITG4RI06 Lokaritgerð, 6 Fein

Markmið áfangans er að nemandi fjalli um verkefni sín og vinnuferli og tengi við hugmyndafræði, stefnur og/eða tiltekna aðferðir og setji fram í ritgerð. Ritgerðinni skal skila yfirlesinni, útprentaðri og frágenginni, með forsiðu, á skrifstofu skólans fyrir uppgefinn lokafrest.

Gerð er krafa um vönduð vinnubrögð, heimildatílvísanir og rétta heimildanotkun. Ritgerðin skal vera um 5.000 orð.

Einkatímar og vinna undir handleiðslu: 20 stundir.

Eigin vinna: 124 stundir.

Námsmat: Einkunn og umsögn.

SJST4SV17 Sjálfstæð verkefnavinna, 17 Fein

Markmið áfangans er að hver nemandi vinni og skili fullbúnu verki eða verkum á samsýningu nemenda í lok annar.

Í áfanganum vinnur nemandinn að því verkefni sem verður framlag hans á lokasýningu nemenda og velur hann sér leið og útfærslu þess innan ramma skapandi ljósmyndunar. Lokaverkefnið er sjálfstæð vinna nemenda en undir handleiðslu umsjónarkennara áfangans og utanaðkomandi leiðbeinenda sem starfa með nemendum á tímabilinu. Umsjónarkennari með áfanganum heldur utan um vinnuna í áfanganum, stýrir sameiginlegum vinnufundum með nemendum, veitir ráð og gerir tillögur að úrlausnum og útfærslum. Hann vinnur einnig með nemendum að framkvæmd sýningarundirbúnings og stýrir vinnu við uppsetningu verka.

Í áfanganum fá nemendur margháttaða aðstoð við val á verkum, útfærslu þeirra og aðra hagnýta þætti sýningarundirbúnings. Einnig þjálfun í að fjalla um verk sín, merkingu þeirra og eigin hugmyndir.

Um miðja önn er yfirferð á lokaverkefni. Þar kynna nemendur lokaverkefni sitt fyrir rýniefnd skólans sem gefur ábendingar um verk í vinnslu eða gerir athugasemdir eftir því sem við á.

Lokanámsmat á verkunum fer fram á sýningarstað, fyrir sýningaropnun. Rýniefndin metur þá framlag einstakra nemenda á sýningunni og gefur einkunn og umsögn um verkin.

Námsmat: Samsett einkunn sem byggir á mati á vinnu nemandans, frammistöðu í mismunandi þáttum áfangans og einkunn rýniefndar fyrir lokaverkefni á sýningu. Umsagnir umsjónarkennara, leiðbeinanda og rýniefndar.

Námsgrein	Þrep 4	Fein
Aðferðir við listsköpun	HUGM4HV02 HUGM4PV02	4
Að lifa af í listheiminum	LILI4LL02	2
Listasaga	LIST4LS02	2
Ljósmyndun – tæknilegir þættir	LJÓS4LH02 LJÓS4MF02 LJÓS4SF03 LJÓS4SF02	9
Ljósmyndasaga	LJSA4LS02	2
Lokaverkefni	LOKA4LV02	2
Að rýna og ræða	RÝRÆ4RR02 RÝRÆ4RR02	4
Ritun	SKRI4RI01	1
Stafræn myndvinnsla	SLFM4SM06 SLFM4SM06	12
Myndver	STUD4AL06 STUD4AL06	12
Vinnustofur	VINF4VI04 VINF4VI06	10

VIÐAUKI 2 – NÁMSFRAMBOÐ Á NÁMSBRAUT 2

Námshgrein	Þrep 4	Fein
Aðferðir við listsköpun	HUGM4HP03 HUGM4LT07	10
Að lifa af í listheiminum	LILI4LL09 LILI4LL06 LILI4LL07	22
Listasaga	LIST04LI02	2
Ljósmyndasaga	LJSA4SS02	2
Ritun	RITG4RI06	6
Aðferðir við greiningu myndverka	LJÓB4LB02 RÝNI4RG02	4
Að rýna og ræða	RÝRÆ4RR02 RÝRÆ4RR02	4
Lokaverkefni	SJST4SV17	17
Stafræn myndvinnsla	SLMV4SM02	2
Vinnustofur	VINF4VI09 VINF4VI12	21

VIÐAUKI 3 – HVERNIG UNNIÐ ER MEÐ LYKILFÆRNI Á NÁMSBRAUT 1 OG 2

Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar

- Á námsbrautinni er ljósmyndun kennd með sköpun að leiðarljósi og í öllum áföngum, bæði bóklegum og verklegum reynir á frumkvæði og skapandi hugsun nemandans. Í náminu þurfa þeir að beita sköpunargáfu sinni við úrlausnir ólíkra verkefna, framsetningu þeirra sem og við kynningu á niðurstöðum sínum.
- Nemendur tileinka sér aðferðir við að halda utan um og hafa yfirsýn yfir eigin verk, læra aðferðir við hugmyndavinnu en ennfremur að skrifa texta (greinargerðir, ritgerðir og yfirlýsingar) til útskýringar á ætlunum sínum, hugmyndum og vinnulagi. Einnig með það að markmiði að tengja hugmyndir og kenningar um list og listsköpun eigin verkum og annarra á gagnrýnin máta. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð, að nemandinn geti lagt mat á eigin vinnu og valið það úr eigin verkum sem hann álítur endurspegla áherslur sínar.
- Í upphafi verklegra áfanga vinnur nemandinn að nokkuð skýrt tilgreindum verkefnum sem er ætlað að dýpka skilning hans á viðfangsefninu og þjálfá ákveðna tækni. Eftir því sem leikni nemandans eykst reynir meira á hugmyndaauðgi og frumkvæði viðkomandi einstaklings.

Heilbrigði

- Gengið er út frá því að nemendur beri ábyrgð á sjálfum sér og eigin gjörðum í öllum þáttum skólastarfsins. Þeir eru hvattir til að vera félagslega virkir, tileinka sér aðferðir við jákvæða og uppbyggilega gagnrýni og góð samskipti.
- Í skólastarfinu er lögð áhersla á heilsusamlegan lífsstíl m.a. í tengslum við næringu, og hreyfingu.
- Nemendur hafa aðgang að eldhúsi og aðstöðu til að matast í skólanum. Þar geta þeir geymt nesti sitt í kælikáp og þar eru tæki til að hita upp mat, rista brauð og annað.
- Nemendur bera ábyrgð á þrifum á mataraðstöðu sinni og er fylgst með því að þar sé gætt fyllsta hreinlætis og að umgengni sé til fyrirmyndar.

Jafnrétti:

- Áhersla er lögð á jafnrétti í öllu starfi skólans og jafnrétti endurspeglast í starfsháttum skólans, samskiptum og öllum skólabrag.

- Jafnréttisstefna skólans felur í sér að halda alltaf í öllu starf, jafnrétti í heiðri og brýnir fyrir nemendum og starfsfólki að jafnrétti skuli ríkja, hvort sem er jafnrétti kynja, jafnrétti einstaklinga eftir trú, kynhneigð, stétt, aldri, kynþætti og litarhætti eða jafnrétti fatlaðra og ófatlaðra. Umburðarlyndi og víðsýni eru meðal gilda skólans og grannt er fylgst með því að nemendur og starfsmenn virði þau.
- Nemendur skólans eru á breiðu aldursbili, með ólíkan bakgrunn og af ýmsu þjóðerni. Stuðlað er að opnum samskiptum innan skólans til að auka víðsýni og umburðarlyndi, m.a. með sameiginlegum sýningum námsbrauta og öðru samstarfi nemenda skólans jafnt innan kennslutíma sem utan.
- Í verklegu námi er gætt að samþættingu kynjasjónarmiða í kennslu og stuðlað að sjálfsvirðingu og sjálfstæði beggja kynja. Áhersla er lögð á fjölbreyttar kennsluáferðir og kennsluefni til að mæta ólíkum þörfum og áhuga nemenda og þess er gætt að vitna í heimildir sérfræðinga af báðum kynjum eftir því sem tók eru á.
- Í lista og ljósmyndasögu er þess gætt að nemendur kynnist verkum listamanna af báðum kynjum og ólíkum kynþáttum.
- Nemendur skoða listsköpun og listafólk frá öllum heimshlutum, lesa texta eftir fræðifólk af báðum kynjum með fjölbreyttan menningarlegan bakgrunn. Nemendur eru ætíð hvattir til að horfa gagnrýnum augum á menningarbundin og félagslega ákvörðuð hlutverk kynja og þjóðfélagshópa.
- Í náminu er lögð áhersla á að nemendur kynnist sem fjölbreyttustum sjónarmiðum lista- og fræðimanna og fái innsýn í mismunandi samfélög. Er það bæði gert með vali á kennsluefni, kennurum og svo vettvangsferðum og námsferðum.

Lýðræði og mannréttindi:

- Allt nám við skólann miðar að því að gera nemendur að virkum og ábyrgum listamönnum og þátttakendum í lýðræðissamfélagi með því að hvetja þau til að mynda sér skoðun og deila henni í umræðum.
- Leitað er eftir viðhorfum nemenda til ákveðinna þátta í þeim tilgangi að bæta skólastarfið með ýmsum hætti. Í lok hvers áfanga er nemendum boðið að fylla út kennslumatskönnun þar sem þeir fá tækifæri til að láta í ljós álit sitt á skipulagi og innihaldi áfanga, námsefni og kennsluháttum. Tvisvar á ári eru Skólafundir og kjósa nemendur sér fulltrúa til að sitja fund með fulltrúum stjórnenda og fagráðs. Niðurstöður þessara funda og kannana eru notaðar til þess að bæta það sem betur má fara og næra það sem vel er gert. Nemendur eiga enn fremur einn fulltrúa sem situr fagráðsfundi og er hlutverk hans að miðla sýn nemenda á nám og starfshætti skólans og um það sem betur má fara.
- Nemendur eru hvattir til umburðarlyndis og virðingar fyrir mismunandi lífsgildum.

Menntun til sjálfbærni:

- Það er markmið skólans að nemendur verði virkir og ábyrgir borgarar bæði gagnvart samfélaginu og umhverfi sínu. Í öllu skólastarfinu er lögð áhersla á sjálfbærni, sjálfbæra hugsun og endurnýtingu. Sorp er flokkað og nemendur eru eindregið hvattir til að nýta allt efni sem best.
- Áhersla er lögð á að kynna fyrir nemendum hvernig lágmarka má umhverfisáhrif af þeim efnum sem unnið er með, ýmist með endurnýtingu eða frágangi á sorpi. Vökvar og önnur spilliefni sem til falla vegna framköllunaraðstöðu eða annarrar starfsemi í aðstöðu skólans er komið til förgunar eftir viðurkenndum leiðum.
- Virðing fyrir samnemendum, kennurum og öðrum er mikilvægur þáttur í daglegu skólastarfi. Þegar fjallað er á gagnrýninn hátt um verkefni nemenda er lögð rík áhersla á að nemendur átti sig á muninum á smekksdómum og gagnrýni sem studd er faglegum rökum. Nemendur hljóta þjálfun í að tjá sig og rökræða eigin verk og annarra.

Námshæfni:

- Námið sem boðið er upp á á námsbrautinni er góður undirbúningur fyrir áframhaldandi nám í hverskonar skapandi ljósmyndun, myndlist eða öðrum skapandi greinum. Námið er metið til háskólaeininga og geta nemendur sótt um að ljúka háskólagráðu við erlenda háskóla eða sótt um að láta meta sig inn í íslenska háskóla. Það er undir viðkomandi háskóla komið hvort námið er metið til fulls eða að hluta til.
- Í skólanum er markvisst unnið að því að efla sjálfstæði nemenda í vinnubrögðum. Verkleikum áföngum og vinnustofum lýkur að jafnaði með skilatíma eða yfirferð þar sem hver nemandi gerir grein fyrir hugmynd sinni og vinnuferli og fær spurningar og athugasemdir frá kennara og samnemendum. Í skólanum er áhersla á sjálfsmat, jafningjamat og þátttöku nemenda í umræðum t.d. um verk samnemenda, með þeim hætti læra nemendur að meta eigin vinnubrögð og annarra og að beita gagnrýni á ábyrgan hátt.
- Kennslu- og námsaðferðir eru fjölbreyttar og reyna á ýmsa hæfni. Jöfnum höndum er unnið að því að kynna nýja þekkingu fyrir nemendum og að gefa þeim kost á að vinna með efni og hugmyndir sem þeir þekkja vel. Eftir því sem lengra líður á námið eru gerðar meiri kröfur um sjálfstæði í vinnubrögðum og að nemendur nýti þekkingu sína og fyrri námsreynslu við lausn nýrra viðfangsefna.
- Í öllum áföngum þurfa nemendur að sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og takast á við ýmsar áskoranir. Nemendur þurfa stöðugt að meta eigið vinnuframlag og læra þannig að þekkja styrk sinn og veikleika og að setja sér raunhæf markmið. Í listrænni vinnu er sjaldnast eitt rétt svar. Því er viðmið hvers

nemanda hans eigin verk og markmiðið að bæta eigin frammistöðu í stað þess að miða sig við samnemendur.

- Í lista- og ljósmyndasögu og í kenninga- og hugmyndafræðilegum áföngum er rík áhersla lögð á að nemendur fái þjálfun í að skrifa og byggja upp læsilegan texta, meta gildi og áreiðanleika heimilda og að tengja tilvitnanir eigin umfjöllun og leggja út af þeim.
- Í vinnustofuáföngum velja nemendur sér viðfangsefni og skipuleggja vinnu sína í samráði við leiðbeinanda.
- Í lok námsins leggja nemendur verk sín fyrir rýninefnd skólans og verða þar að geta útskýrt vinnuferli sitt og hugmyndir. Það er hlutverk rýninefndar að gefa nemendum gagnlegar ábendingar um verkin, það sem betur gæti farið og að benda á möguleika í útfærslu þeirra.
- Nemendur sýna afrakstur af vinnu vetrar á *Uppskeruhátíð* skólans að vori. Það leggur ábyrgð á herðar nemenda sem þurfa að sýna sjálfstæð og skapandi vinnubrögð, setja fram raunhæfa tímaáætlun og standast hana. Uppsetning á því efni sem ætlunin er að sýna og utanumhald er sömuleiðis ábyrgðarstarf. Nemendur þurfa að geta lagt mat á eigið vinnuframlag og þróað verkefni sín samkvæmt endurgjöf leiðbeinanda og kennara. Nemendur koma við þetta tilfelli, fram sem fulltrúar skólans út á við og er til þess ætlast að þeir geti gert tilraun til þess að ræða og túlka verk sín og samnemenda sinna fyrir gesti sýningarinnar.

Læsi tjáning og samskipti á íslensku:

- Í öllum áföngum vinna nemendur verkefni sem reyna á samskiptahæfni og tjáningu bæði í rituðu og töluðu máli og þeir þurfa að geta svarað spurningum á málefnalegan hátt og rökstutt skoðanir sínar og niðurstöður. Viðfangsefni nemenda eru oftast en ekki mjög huglæg og því er mikilvæg áskorun fólgin í að skerpa hugsunina og setja hana fram á skýran og skilmerkilegan hátt.
- Nemendur fá æfingu í því að ræða um eigin verk og annarra og þeir þurfa að geta tekið þátt í umræðum um listir, hugmyndir og einstök verk, svarað spurningum á málefnalegan hátt og rökstutt skoðanir sínar og niðurstöður.
- Í náminu hljóta nemendur þjálfun í að sækja um styrki, þátttöku á sýningum og hátíðum. Þeir þurfa því meðal annars að rita ferilskrá og kynningarefni af margvíslegum toga til að auka möguleika á þátttöku í slíkum viðburðum.
- Í flestum áföngum þurfa nemendur að gera grein fyrir þekkingu sinni og skoðunum munnlega og taka þátt í samræðum. Ennfremur vinna nemendur mikið með ritað mál. Með aukinni þjálfun verður mál þeirra blæbrigðaríkara, orðaforði fjölbreyttari og málskilningur dýpri það eykur möguleika þeirra á að koma verkum sínum á framfæri.
- Í mörgum áföngum þurfa nemendur að skrifa texta (greinargerðir, ritgerðir og yfirlýsingar) til útskýringar á ætlunum sínum, hugmyndum og vinnulagi. Einnig texta sem tengja hugmyndir og kenningar um list og listsköpun eigin

verkum og annarra á gagnrýnin máta. Nemendur hljóta þjálfun í því að temja sér að beita tungumálinu á mismunandi vegu og að hafa vald á fræðilegri umræðu, geta beitt þeim orðaforða sem á við innan fagsins sem og að geta tjáð sig persónulega um verk sín og sett fram uppbyggilega gagnrýni á verk annarra.

Læsi og tjáning og samskipti á erlendum tungumálum

- Nám í skapandi ljósmyndun krefst þess að nemendur séu færir um að afla sér upplýsinga á erlendum tungumálum og geti metið hverskonar upplýsingar, texta sem og verk erlendra höfunda á gagnrýnin hátt.
- Í skólanum er vel búið bókasafn og þar eru bækur og myndefni á ýmsum tungumálum. eru nemendur eindregið hvattir til að nýta sér það við hugmynda og aðra verkefnavinnu.
- Í náminu hljóta nemendur þjálfun í að sækja um styrki, þátttöku á sýningum og hátíðum. Þeir þurfa því meðal annars að rita ferilskrá og kynningarefni á ensku til að auka möguleika á þátttöku í slíkum viðbrúðum á erlendra grund.
- Stjórnendur skólans eru vakandi fyrir möguleikum á ýmis konar samstarfi, bæði innanlands og utan en skólinn leitast markvisst við að taka þátt í fjölbreyttum alþjóðlegum samskiptum, s.s. námsferðum til útlanda og kennara- og nemendaskiptum og erlendum fyrirlesurum til þess að auka víðsýni nemenda, efla skilning þeirra á mikilvægi tungumálakunnáttu og veita þeim innsýn í líf og störf fólks erlendis.

Læsi og tjáning um tölur og upplýsingar.

- Myndlæsi er eitt lykilatriði í náminu og vinna með myndræna þætti s.s. formfræði og mynduppbyggingu sem eru meginþáttur í verklegum áföngum og ríkur þáttur í þeim bóklegum áföngum sem kenndir eru á námsbrautinni.
- Í tengslum við ýmsa verklega vinnu nemenda s.s. í myndverum og myrakraherbergisvinnu er hugað að hlutföllum, stærðum, magni og öðrum slíkum þáttum.. Eins þarf í tengslum við listsköpun nemenda og ígrundun þeirra á listaverkum annarra að taka tillit til hlutfalla, stærða og forms með ýmsum hætti. Nemendur vinna með margskonar geómetrískar upplýsingar í tengslum við myndbyggingu. Í myrakraherberginu er unnið með blöndun vökva og hlutföll ýmissa efna sem notuð eru við myndsköpun. Í vinnu í myndvinnsluforritum er unnið með hlutföll, skala og ýmsa möguleika forritanna til persónulegrar útfærslu.
- Í lista- og ljósmyndasögu og skyldum áföngum öðlast nemandinn þjálfun í myndgreiningu og myndlæsi jafnt sem túlkun á myndverkum. Áhersla er lögð á að varpa ljósi á hverskonar listaverk í þjóðfélagslegu samhengi, s.s. við stjórnsmál, efnahag og hefðir.

- Í mörgum áföngum þurfa nemendur að skila greinargerðum og ritgerðum og þess iðulega krafist að nemendur geti kynnt sér málefni, aflað sér heimilda og geti sett niðurstöður sínar fram með skýrum og rökstuddum hætti og að þeir kunni að nota heimildatilvísanir.
- Lögð er áhersla á að nemendur geri sér grein fyrir siðferðilegri ábyrgð ljósmyndasköpunar í fjölmiðlun nútímasamfélagsins og hvernig henni er beitt. Hafi yfirsýn yfir menningarlegt, sögulegt og pólitískt hlutverk ljósmyndamiðilsins og geti tjáð sig um efnið af þekkingu og á gagnrýninn hátt. Að þeir þekki vel til íslenskrar og alþjóðlegrar ljósmyndunar. Þekki sögulegt samhengi ljósmyndunar og tengsl við almenna samfélags- og tækniþróun
- Nemendur hljóta þjálfun í grundvallaratriðum bókhalds og öðrum hagnýtum þáttum þess að starfa sjálfstætt í skapandi greinum.

VIÐAUKI 4 – STEFNUR OG VIÐBRAGÐSÁÆTLANIR LJÓSMYNDASKÓLANS

FORVARNARÁÆTLUN

Ljósmyndaskólinn leggur áherslu á heilbrigða lífshætti í starfsemi sinni. Forvarnir taka til margra þátta daglegs lífs, m.a. forvarna gegn neyslu á vímuefnum og einelti. Í náminu og skólastarfi öllu er áhersla lögð á að efla félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska nemenda. Kappkostað er að veita nemendum þjálfun í að taka þátt í gagnrýnni og uppbyggilegri umræðu og að efla þannig sjálfsmynd nemenda og vitund þeirra um eigin hugmyndir og ætlanir með listsköpun. Fer þessi þjálfun og fræðsla fram við verklega og fræðilega kennslu í áföngum náms. Einnig í gegnum námskeið og hverskonar vinnu námsráðgjafa með nemendum. Markmið Ljósmyndaskólans er alltaf:

- að auka vellíðan nemenda
- að styrkja sjálfsmynd og sjálfstæði nemenda
- að efla alhliða þroska nemenda og vitund þeirra um ábyrgð á eigin lífi
- að nemendur átti sig á hvaða grunnfærni er mikilvæg til að ná velgengni í lífinu
- að nemendur geti aðlagast mismunandi aðstæðum og mætt þeim á jákvæðan hátt
- að bæta samskipti og takast á við kröfur og áskoranir daglegs lífs.

Ljósmyndaskólinn er vímuefnalaus skóli. Neysla áfengis, tóbaks og annarra vímuefna er ekki leyfð í skólanum.

MÓTTÖKUÁÆTLUN

Sótt er um skólavist á námsbrautum skólans rafrænt af heimasíðu hans. Í umsókn koma fram upplýsingar um fyrri menntun og hæfni: Umsækjandi skilar með umsókn, rafrænni möppu sem endurspeglar skapandi áherslur viðkomandi. Umsækjandi fær rafræna staðfestingu á því að umsókn og mappa hafi verið móttokin.

Í kjölfarið fær umsækjandi boð í inntökuviðtal. Í inntökuviðtali er farið er yfir umsókn og fylgigögn og í samtalinu leitast við að meta hvernig námið við skólann muni henta umsækjanda og markmiðum hans. Einnig er kynning á námi námsbrauta, aðstöðu skólans og skólastarfi. Umsækjendur eru hvattir til spurninga.

Að loknum inntökuviðtölum fá allir umsækjendur svar, með tölvupósti um hvort þeir hljóti skólavist.

Við skólasetningu nýnema að hausti fer fram kynning á allri starfsaðstöðu í Ljósmyndaskólanum, umgengnisvenjum, öryggismálum og brunavörnum. Nemendur eru hvattir til vinnusemi og að nýta sér aðstöðu skólans.

Við skólasetningu hjá eldri árgöngum að hausti er farið yfir helstu þætti náms á námsbrautinni, öryggismál, brunavarnir og nemendur hvattir til vinnusemi og góðrar umgengni.

Við upphaf náms í Ljósmyndaskólanum eru nemendur hvattir til þess að upplýsa um þær sérþarfir sem kunna að vera fyrir hendi hjá viðkomandi. Ætíð er kappkostað að veita nemendum þá aðstoð sem þeir þurfa þannig að sem bestur árangur náist í náminu.

Í upphafi hvers skólaárs heldur námsráðgjafi kynningu á þjónustu sem námráðgjafi getur veitt nemendahópum hvorrar námsbrautar. Nemendur eru hvattir til að hafa samband við námráðgjafa ef þörf er á. Einnig geta nemendur haft samband við skrifstofu skólans og óskað eftir milligöngu um viðtalstíma við námráðgjafa.

Námsráðgjafi skólans heldur haust hvert, örnámskeið í afmörkuðum þáttum svo sem skipulagi og námstækni.

Ljósmyndaskólinn gefur út Nemendahandbók á rafrænu formi. Fá nemendur hana senda í tölvupósti við upphafa haustmíssis og hún er einnig aðgengileg á kennsluumsjónakerfi skólans, Moodle. Í Nemendahandbók eru ítallegar upplýsingar sem gagnast þeim sem eru nemendur í Ljósmyndaskólanum. Nemendahandbók er yfirfarinn og endurskoðuð a.m.k. einu sinni á ári.

Nemendur eru hvattir til að láta vita ef eitthvað kemur upp á sem hamlað getur námi þeirra. Er ætíð leitað leiða til að koma til móts við viðkomandi nemanda.

UMHVERFISSTEFNA

Í umhverfisstefnu Ljósmyndaskólans er markmiðið að lágmarka vistsporið sem starfsemi skólans veldur. Að vekja nemendur, kennara og starfsfólk til umhugsunar um áhrif manns á umhverfið allt og tengsl lífríkisins alls.

Skólinn er lítill og viðfangsefni hans sérhæfð en stefnt er að því að leggja þau lóð á vogarskálarnar til umhverfisverndar sem möguleg eru. Stjórnendur skólans hafa einsett sér að flétta sjónarmið umhverfisverndar inn í sérhverja ákvörðun sem tekin er og að hafa að leiðarljósi að fara vel með verðmæti, að endurnýta, flokka og að sprorna við sóun.

Ljósmyndun er grein sem í grunninn byggir á tækni ýmiskonar og gildir einu hvort um er að ræða stafræna umhverfið eða vinnu með filmur. Reglulega er búnaður skólans endurnýjaður eða uppfærður og haft í huga að vistspor vegna þess sé sem minnst. Kappkostað er að rafdrifin búnaður sé endurhlaðanlegur eða gangi fyrir endurhlaðanlegum rafhlöðum eins og nokkur er kostur. Það er stefna skólans að lengja líftíma alls búnaðar eins og mögulegt er og að gera við/láta lagfæra bilaðan búnað sé þess nokkur kostur.

Sorpflokkunartunnur eru aðgengilegar í skólahúsnæðinu og þar hægt að flokka plast, pappír og spilliefni eins og prenthylki. Umbúðir með skilagjaldi eru flokkaðar sér. Í námi við skólann nota nemendur efni sem umgangast þarf með gát en þess er vandlega gætt að efnaúrgangi frá verkstæðum skólans sé fargað með viðeigandi hætti. Nemendur eru ávallt hvattir til að nýta hráefni vel og endurnýta eins og unnt er.

Skólinn er eini sinnar tegundar á Íslandi og hægt að færa rök fyrir því að í starfsemi hans endurspeglar umhverfisstefna því sambærilegt nám þyrfti að öðrum kosti að sækja til útlanda.

Umhverfisstefna skólans birtist í skólagjöldum en innifalið í þeim er tiltekinn efniskostnaður sem hvetur nemendur til að velta fyrir sér nokun og endurýtingu.

Umhverfisstefna er tekin til endurskoðunar á hverju skólaári á skólafundi skólans. Þátttaka nemenda í mótun umhverfisstefnu er mikilvæg og liður í að vekja til umhugsunar um brýnt málefni.

JAFNRÉTTISSTEFNA

Skólinn hefur jafnrétti í heiðri og brýnir fyrir nemendum og starfsfólki að jafnrétti skuli ríkja, hvort sem er jafnrétti kynja, jafnrétti einstaklinga eftir trú, kynhneigð, stétt, aldri, kynþætti og litarhætti eða jafnrétti fatlaðra og ófatlaðra. Umburðarlyndi og víðsýni eru gildi skólans og grannt og lögð áhersla á að nemendur og starfsmenn virði þau.

Áhersla er lögð á jafnrétti í öllu starfi skólans og jafnrétti endurspeglast í starfsháttum skólans, samskiptum og öllum skólabrag.

Jafnréttisstefna skólans felur í sér að halda alltaf í öllu starf, jafnrétti í heiðri og brýnir fyrir nemendum og starfsfólki að jafnrétti skuli ríkja, hvort sem er jafnrétti kynja, jafnrétti einstaklinga eftir trú, kynhneigð, stétt, aldri, kynþætti og litarhætti eða jafnrétti fatlaðra og ófatlaðra. Umburðarlyndi og víðsýni eru meðal gilda skólans og grannt er fylgst með því að nemendur og starfsmenn virði þau.

Nemendur skólans eru á breiðu aldursbili, með ólíkan bakgrunn og af ýmsu þjóðerni. Stuðlað er að opnum samskiptum innan skólans til að auka víðsýni og umburðarlyndi, m.a. með sameiginlegum sýningum nemenda á mismunandi námsbrautum, heimsóknnum gestafyrirlesara, vettvangsferðum á söfn og sýningar og öðru samstarfi nemenda skólans jafnt innan kennslutíma sem utan.

Í verklegu námi er gætt að samþættingu kynjasjónarmiða í kennslu og stuðlað að sjálfsvirðingu og sjálfstæði beggja kynja. Áhersla er lögð á fjölbreyttar kennsluáðferðir og kennsluefni til að mæta ólíkum þörfum og áhuga nemenda og þess er gætt að vitna í heimildir sérfræðinga af báðum kynjum eftir því sem tók eru á.

Í lista- og ljósmyndasögu er þess gætt að nemendur kynnist verkum listamanna af báðum kynjum og sprottnum úr ólíkum menningarheimum.

Nemendur skoða listsköpun og listafólk frá öllum heimshlutum, lesa texta eftir fræðifólk af báðum kynjum með fjölbreyttan menningarlegan bakgrunn. Nemendur eru ætíð hvattir til að horfa gagnrýnum augum á menningarbundin og félagslega ákvörðuð hlutverk kynja og þjóðfélagshópa.

Í náminu er lögð áhersla á að nemendur kynnist sem fjölbreyttustum sjónarmiðum lista- og fræðimanna og fái innsýn í mismunandi samfélög. Er það bæði gert með vali á kennsluefni, kennurum og svo vettvangsferðum og námsferðum.

VIÐBRÖGÐ VIÐ VÁ

Ef almannavarnir gefa út fyrirmæli um rýmingu vegna faraldurs, náttúruhamfara eða annarrar vár er farið eftir rýmingaráætlun og fyrirmælum almannavarna fylgt í hörgul. Skólinn fylgir almennum fyrirmælum almannavarna og slökkviliðs, t.d. um að fella niður skólalagd eða að fresta skólalagði vegna yfirvofandi óveðurs eða annarra hamfara.

RÝMINGARÁÆTLUN

Rýmingaráætlun er kynnt í upphafi skólahalds hvert haust og þá einnig farið yfir öll öryggismál. Útgönguleiðir eru kynntar á kortum og skiltum í skólahúsnæðinu og kappkostað er að fylgja í öllu leiðbeiningum yfirvalda varðandi brunavarnir og önnur öryggismál.

ÁFALLAÁÆTLUN

Skólastjórnendum ber að bregðast við áföllum sem nemendur eða starfsmenn verða fyrir í skólastarfinu, svo sem slysum, veikindum, sjúkdómum og andlátum. Áfall getur einnig orsakast af einelti eða annarskonar ofbeldi af einhverjum toga. Er aðgerðum til að sporna við einelti og viðbrögðum við einelti lýst í sér kafla; áætlun gegn einelti.

Skólastjórnendum ber að hafa forgöngu um að tilkynna slysfarir eða aðra orsök áfalls til Neyðarlínunnar ef við á, sjá um samskipti við lögreglu og fjölmiðla ef til kemur og að halda öllum hlutaðeigandi sem tengjast áfallinu upplýstum.

Náms- og starfsráðgjafi Ljósmyndaskólans veitir í sumum tilvikum stjórnendum ráðgjöf og/eða þeim sem verða fyrir áfalli.

Leita skal aðstoðar utanaðkomandi sérfræðinga ef þörf er talin á.

Lögð er áhersla á að stjórnendur sinni langtímastuðningi við þann nemanda/nemendur eða starfsfólk sem tengist áfalli.

ÁÆTLUN GEGN EINELTI, OFBELDI OG ÁREITNI

Áætlun gegn einelti, kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni byggir á því að allir nemendur sem og starfsmenn við skólann eiga rétt á að komið sé fram við þá af virðingu og að enginn á að þurfa að þola kynbundið ofbeldi af neinu tagi, hvorki kynferðislega áreitni eða kynbundna áreitni. Kynbundið ofbeldi, kynbundin eða kynferðisleg áreitni er ekki liðin í Ljósmyndaskólanum Einelti er heldur ekki liðið innan skólans.

Ef starfsmenn eða nemendur telja sig verða fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegu ofbeldi eða áreitni skulu þeir leita eftir aðstoð innan skólans. Leita skal til stjórnenda eða námsráðgjafa ef nemendur eða starfsmenn telja sig hafa orðið fyrir áreitni eða ofbeldi af einhverju tagi. Leitað verður sátta eftir bestu getu en ef grunur er um alvarlegt brot skal málið sett í lögformlegan farveg. Samkvæmt reglugerð er einelti skilgreint sem endurtekin ámælisverð háttsemi af hálfu eins eða fleiri saman, þ.e. hegðun, athöfn eða athafnaleysi, sem er til þess fallin að meiða, niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna, ógna eða valda vanlíðan hjá þeim sem háttsemin beinist að. Þetta á einnig við um skilaboð eða aðrar

upplýsingar sem miðlað er í síma eða með rafrænum hætti. Hér er þó almennt ekki átt við samskipti eða skoðanaskipti milli jafningja.

Ef nemandi eða starfsmaður verður fyrir eða fær vitneskju um einelti eða kynferðislega eða kynbundna áreitni eða ofbeldi innan skólans skal viðkomandi tafarlaust upplýsa stjórnendur skólans eða námsráðgjafa um það. Viðkomandi þarf að vera reiðubúinn að skýra mál sitt nánar ef ástæða þykir til. Markmið stjórnenda skólans er að ávalt skuli brugðist eins skjótt við og nokkur kostur er komi slík mál upp. Gildir þá einu hvort um ræðir einelti eða áreitni í garð nemanda, starfsmanns eða stjórnanda. Ásakanir um einelti eða kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni eða ofbeldi eru ávallt teknar alvarlega. Svo fljótt sem mögulegt er skal leita eftir frekari upplýsinga um hvort upplýsingar um áreitni eða ofbeldi eigi við rök að styðjast. Ef þörf krefur er leitað utanaðkomandi ráðgjafar. Ávallt er leitast við að hafa sanngirni og óhlutdrægni að leiðarljósi. Gripið er til viðeigandi ráðstafana til að stöðva kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni, ofbeldi eða einelti. Rætt er við málsaðila einslega. Allir aðilar máls eiga kost á að ræða sérfræðing í meðferð slíkra mála. Þar sem áreitni eða ofbeldi snúast um samskipti er mikilvægt að aðilar málsins komi sjálfir með hugmyndir að lausn vandans sem tekið verður tillit til við úrlausn mála.

Kynning á þessari stefnu skólans fer fram við skólasetningu með vísun í Nemendahandbók skólans. Einnig er farið yfir áætlunina í kynningu námsráðgjafa í upphafi skólaárs. Þar er sérstaklega tekið fram að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni eða kynferðisleg áreitni sé ekki liðin innan skólans.